

Fljótsdæla saga

Fljótsdæla saga

1. kafli

Þorgerður hét kona. Hún bjó í Fljótsdal austur. Hún var ekkja af hinum bestum ættum og hafði þá fé lítið. Þar bjó hún sem nú heitir á Þorgerðarstöðum. Frændur Þóris vildu að hann staðfesti ráð sitt og fengi sér forystu og fýstu að hann bæði Þorgerðar, sögðu forgang góðan í því ráði. Þórir fékk þessarar konu og skyldi það vera að Hrafnkelsstöðum á mánaðar fresti. Var Ásbirni boðið til boðs.

Glúmur hét maður er bjó í Fljótsdal fyrir vestan þar sem nú heitir á Glúmsstöðum. Þuríður hét kona hans og var Hámundardóttir, kynjuð sunnan úr Þjórsárdal. Þau áttu sér eina dóttir þá er Oddbjörg hét. Þær mæðgur fóru í fjós einn morgun snemma. Nautamaður var í fjósi en Glúmur lá í rekkju sinni. En þá er þær komu heim að bænum var hlaupin skriða á bæinn og þar Glúmur inni orðinn og allur lýður sá er á bænum var nema þessir þrír menn. Eftir þessi tíðindi lætur Þuríður færa bæinn yfir ána, hóti ofar en áður var. Hún bjó þar lengi. Sá bær heitir nú síðan á Þuríðarstöðum. Þessi tíðindi spurðust í Hrafnkelsdal. Þuríður var hin vitrasta kona og skörungur mikill. Fæddi hún upp meyna með mikilli virkt. Var hún og allra kvenna vænst og best mennt.

Og er Ásbirni komu orð bróður síns, hann tekur því vel og býður að sér vinum sínum, ríður vestan yfir heiði og kemur á Þuríðarstaði þess erindis að hann biður Oddbjargar sér til eiginkonu og það var ráðið, fór við það ofan til boðsins að hann flutti þetta brúðarefni með sér. Sjá veisla fór vel fram og var all fjölmenn. Eftir boðið ríður Ásbjörn vestur yfir heiði með konu sína heim á Aðalból. Voru góðar samfarir þeirra.

Þau Þórir og Þorgerður voru ásamt til þess að þau gátu son og dóttir. Hét hann Hrafnkell en hún Eyvör. Hún var gefin Hákonni á Hákonarstöðum er nam Jökulsdal. En þau Ásbjörn og Oddbjörg áttu fjórar dætur og komust öngvar úr barnæsku. En síðast áttu þau son er Helgi hét. Hann óx upp með föður sínum og var hinn efnilegasti maður. Þeir frændur uxu upp þar í héraðinu jafnsnemma og var þeirra fjögurra vetra munur.

Þeir bræður sátu langa hríð í ríki sínu og var gott samþykki þeirra meðan þeir lifðu báðir og varð Þórir sótt dauður. En eftir hann tók fé og mannaforráð kona hans og Hrafnkell son hans, þó að hann væri ungur að aldri, með umsjá Ásbjarnar. Helgi óx upp á Aðalbóli með föður sínum. Hafði hann alla hluti til þess að hann þótti betur menntur en aðrir menn bæði að yfirlitum og skapsmunum.

Oddur hét maður. Hann hafði þar land numið. Bæði var hann blindur og gamall í þann tíð. Hann átti son einn er Ölviður hét. Hann tók fjárforráð eftir föður sinn. Ölviður var mikill maður vexti, allra manna málgestur, ósvinnur og óvinsæll, heimskur og illgjarn, og í öllu ójafnaðarmaður. Hann var aðdráttarmaður mikill að búinu bæði af fjörðum neðan og af fjöllum ofan.

2. kafli

Það bar til á einu sumri að Ölviður bjó ferð sína upp í Fljótsdalshérað til grasa, allt fram að jöklum. Og í þessari ferð ganga hrossin frá þeim Ölvið ofan eftir Fljótsdal en hann leitar og hans menn ofan eftir heiðum hrossanna og finnur eigi. Og er hann kemur fyrir botninn á Hrafnkelsdal þá sjá þeir stóðhross mörg ofan í dalinn er Ásbjörn átti. Ölviður bað þá taka hrossin og færa upp á föng sín. Mönnum hans þótti það óráðlegt að taka hross Ásbjarnar, sögðu það eigi vel dugað hafa við föður hans.

Ölviður kvaðst eigi vilja vera óbirgur á fjöllum uppi fyrir eign annarra manna "og hirði eg aldrei hver á og skal taka hross að vísu."

Og svo gerðu þeir og eru síðan lagðar klyfjar á hrossin og gengu þau heim á Oddsstaði með. Og eftir það sendir hann hrossin vestur yfir heiði og voru þau til ger allópökkulega.

Og er hrossin komu aftur þá ríður Ásbjörn austur yfir heiði og kemur á Oddsstaði. Hann drap á dyr og bað Ölvið út ganga. Hann gerir svo og heilsar vel Ásbirni. Ásbjörn spurði hvern óskunda hann ætti honum að gjalda. En Ölviður kvaðst honum ekki illt eiga að gjalda.

"Það ætlaði eg," sagði Ásbjörn, "því að eg þykist ómeinn við aðra. Skal eg þetta vel í höndum hafa ef þú vilt þess máls á unna sem öðrum þykir rétt nema þú viljir heldur að við semjum með okkur."

Ölviður kveðst eigi vita að um þetta væri að málþarfa og kvaðst engis máls vilja á unna "þykir mér það jafnskaplegt að hver vor bónda sé eigi óbirgur fyrir annars eign. Mun eg og gera alla jafna um þetta mál þó að þér hafið heldur mannaforráð en vér. Og mun þér mál þykja bóta fyrir þetta mál áður eg bæti þér þetta eða öðrum þó að eg geri þeim slíkt."

Ásbjörn segir að honum mundi það eigi vel gefast. Reið hann heim við svo búið og er heima þau misseri.

Og er leið fram að vorþingi þá reið Ásbjörn ofan í Fljótsdalshérað og stefndi Ölviði til vorþings til Kiðjafells, þessi þingstöð er á hálsinum milli Skriðudals og Fljótsdals, og sótti þar hrossamálið. Þar urðu öngvir menn til varnar og lýkur Ásbjörn sektarorði við Ölvið, reið við það heim að hans, háði féránsdóm. Síðan ríður Ásbjörn á Oddsstaði og tekur Ölvið höndum í rekkju, leiddu hann út og drápu þegar. Ásbjörn kvaðst svo leiða skyldu smámönnum að veita bóndum ágang. Skipti Ásbjörn þá fénu við konu hans. Tók hún lausafé og búsbirgðir. Hann tók bústaðinn undir sig og fékk þar forráðsmann fyrir. En hann situr á Aðalbóli um hríð og hlýtur þar nú frá að hverfa um sinn.

3. kafli

Þiðrandi hét maður. Hann bjó á þeim bæ er í Njarðvík heitir. Hún liggur milli Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar. Þiðrandi átti mannaforráð um Njarðvík og upp í hérað að Selfljóti. Selfljót gengur fyrir austan úr heiðinni milli Gilsárteigs og Ormsstaða og svo fellur það ofan í Lagarfljót. Þetta gætir fyrir ofan reitinn en Lagarfljót fyrir vestan og er það kölluð Útmanasveit. Þetta var þá hundrað bónda eign og sjötígu. Þiðrandi var ríkur maður og þó vinsæll því að hann var hægur við sína undirmenn. Hann var sterkur og mikill vexti og haukur að hug. Hann bjó lengi og var gagnveitull. Og þá er hann var gamall maður var hann kallaður Þiðrandi hinn gamli. Og var hann og svo því að menn segja það að hann hefði sex vetur hins fjórtánda tigar. Hann var þá þó enn hress maður. Hann var virkur að fé og gekk hann þá jafnan að er húskarlar gáfu lítinn gaum að.

Það var einn vetur um brundtíð að húskarlar hans voru rónir á sjó að leita fiska en sumir að heyvi að hann gengur til hrútahúss síns þess er innan garðs var. Á því kvöldi komu allir fyrri heim en hann. Menn spyrja hvar hann mundi vera. Konur sögðu að hann hefði gengið til hrútahúss síns. Nú er hans leitað þangað. Sítur hann fyrir utan garðinn þar hjá húsínu. Menn spyrja hví hann færi eigi heim. Hann segir sér gönguna óhæga verið hafa en kvað þá þó lítið um hafa batnað og sagði hrút einn hafa lostið sundur í sér lærlegginn. Var hann við þetta heim borinn og ger hvíla hans. Og eftir þetta lýstur í verkjum og blæs lærið mjög og þetta leiðir hann til bana.

Hann átti eftir tvo sonu. Hét hinn eldri Ketill en Þorvaldur hinn yngri. Hvortveggi þeirra bræðra var mikill vexti. Þorvaldur var manna sjálegastur, hljóður og fáskiptinn. Hann var hinn mesti samsmaður um flesta hluti. En Ketill var manna sterkastur í það mund. Hann var ljótur maður og þó höfðinglegur, dökkur og mikilúðlegur. Hann var manna hægastur hversdaglega en hann var þögull og fálátur snemma og var kallaður Þrum-Ketill. Gallar stórir voru á hans skapsmunum. Sumir kölluðu það meinsemd. Það kom að honum í hverjum hálfum mánuði að skjálfti hljóp á hans hörund svo að hver tönn í hans höfði gnótraði og hrærði hann upp úr rúminu og varð þá að gera fyrir honum elda stóra og leitað honum allra hæginda þeirra er menn máttu veita. Þessum hroll og kulda fylgdi bræði mikil og eirði hann þá öngvu því er fyrir varð, hvort sem var þili eða stafur eða menn, svo þó að eldar væru þá óð hann. Þá gekk hann undan húsum þili eða dyrabúning ef fyrir varð og gekk þetta á hverjum þeim degi er að honum kom og urðu menn þá alla vega að vægja til við hann sem máttu. En þá er af honum leið var hann hægur og stjórnsamur. Þetta kom og til mikils honum og mörgum öðrum þá er á leið ævi hans.

Systir þeirra bræðra hét Hallkatla dóttir Þiðranda hins gamla. Hún var gift Geiti Lýtingssyni er bjó í Krossavík norður í Vopnafirði. Geitir var vinsæll maður en forgangur Hallkötlu var einkar góður. Þau áttu tvo sonu. Hét hinn eldri Þorkell en Þiðrandi hinn yngri. Hann hafði nafn afa síns. Þessir bræður voru báðir vel menntir og þó sinn veg hvor. Þorkell var jarpur á hár, dökkur maður, lágur og þreklegur og kallaður manna minnstur þeirra sem þá voru, manna skjótlegastur og hvatastur sem raun bar á, því að hann átti oft við þungt að etja og bar sig í hvert sinn vel. Þiðrandi Geitisson var manna mestur og sterkastur. Fannst eigi sá maður í þann tíma er sæmilegri væri. Er og svo sagt að hann hafi hinn fjórði maður verið best menntur á öllu Íslandi, en annar maður er til nefndur Kjartan Ólafsson, hinn þriðji Höskuldur Þorgeirsson Ljósveitningagoða, en hinn fjórði Ingólfur Þorsteinsson er kallaður var Ingólfur hinn væni. Segja fróðir menn að öngvir hafi með slíkri menntan skapaðir verið á öllu Íslandi sem þessir fjórir menn og er svo mikið af sagt ásjónu þessara manna að margar konur fengu eigi haldið skapi sínu ef litu fegurð þeirra. Og það er alþýðurómur að þar eftir færi önnur menntan þeirra.

4. kafli

Hróar hét maður. Hann bjó á þeim bæ er að Hofi hét. Það er í Fljótsdalshéraði fyrir vestan Lagarfljót og fyrir utan Rangá en fyrir austan Jökulsá. Þessi sveit hefir tekið viðnefni af Hróari og heitir Hróarstunga. Hann fékk og viðnefni af Tungunni og var kallaður Tungugoði. Barnlaus maður var hann og átti mergð fjár. Hann var þá gamall maður.

Þess er getið að Hróar gerir heimanför sína norður til Vopnafjarðar. Hann kemur að kvöldi í Krossavík hina ytri. Geitir Lýtingsson tók við honum vel og ágætlega og bauð honum þar að sitja meðan hann vildi. Hróar Tungugoði er þar þrjár nætur.

Eftir það biður hann reka að hesta þeirra féлага og kvaðst þá vilja lýsa yfir erindum sínum "og er eg til þess hingað kominn að eg býð heim til fósturs Þiðranda syni þínum og ef þú vilt þetta þá gef eg honum eftir minn dag fé og staðfestu og ríki. En Þorkell taki þitt mannaforráð eftir þinn dag. Þykir mér þú því að eins mína ferð góða gera ef eg fæ þetta sem eg beiði. Mun okkur þá að þessum manni vera mikil styrkur að hann er sonur þinn en fóstri minn og erfingi."

Geitir kvaðst eigi nenna né vilja drepa hendi við svo miklum sæmdum.

Fer nú Þiðrandi austur með Hróari í Tungu og gerir Hróar til hans hvað öðru betur. Hefur Þiðrandi þar litla stund áður verið að það máttu allir sjá að Hróar unni honum mikið og þar út í frá alþýða manns, svo var hann vinsæll, og það hélst honum til dauðadags.

Var þá Þiðrandi sex vetra gamall er hann fór til fósturs úr Krossavík. Þorkell var þá tíu vetra.

5. kafli

Þeir bræður í Njarðvík sömdu eigi öll mál með sér um fjárfar. Ketill vildi einn ráða öllu svo að Þorvaldur var að öngvu kvaddur. En Þorvaldi leiddist það brátt og beiddi að þeir mundu skipta fé og mannaforráði.

En Ketill bað hann skipta þegar hann vildi og kvaðst honum unna við sig alls fjár að helmingi "en mannaforráð er lítið og nenni eg eigi skipta því eg ann þess öngum nema mér."

Þorvaldur þóttist jafnt eiga hvorttveggja þó að hann næði eigi "en séð hef eg það fyrir löngu að þú vilt mig flestu appella. Þykir mér sem sénn muni minn kostur að eg muni slíkt hljóta að hafa sem þú skefur mér af fé en þó skulum við skilja að sinni þó að þú gerir minn harðan. En vita skaltu það að eg þykist að helmingi eiga þó að eg fái eigi svo búið."

Síðan leitaði Ketill að fémunum og skiptir öllu fé í helminga við Þorvald bæði kvikfé og lausafé og öllu því er innan veggja var nema goðorði. Því skipti hann eigi.

Eftir það fór Þorvaldur á burt með alla eigu sína upp um heiði. Hann byggði lendur sínar þær sem hann hafði hlotið en seldi kvikfé að leigu.

Skip stóð uppi í Fljótsdalshéraði við hin eystri fjöll þar sem heitir Unaós. Þorvaldur fær vöru og ræður sig í þetta skip og fór utan. Og er þeir koma í haf byrjaði þeim lítt og velktust úti lengi sumars og að áliðnu sumri fá þeir veður stór og ákaflega hríð. Þessi veður leiða þá úr hafi og sigla að Hjaltlandi um nótt. Þar voru útfiri mikil og sigla þeir í boða og brjóta skipið í spón og týndist fé allt en menn komust lífs á land. Þorvaldur kom á land sem aðrir menn. Var hann í íslenskum klæðum. Öngvan hlut rak upp af fé Þorvalds nema eitt spjót mikið. Tók hann það í hönd sér. Hann var tvær nætur við ströndina og beið ef nokkuð ræki upp af hans varnaði og vill það ekki verða að þau mörk finnist að Þorvaldur ætti. Sýnist honum það ráð að sitja þar eigi lengur birgðalaust. Er það einn dag að hann gengur í burt.

Fyrir Hjaltlandi réð þá jarl einn sá er Björgólfur hét. Hann var þá gamall maður. Það sýnist Þorvaldi að snúa þangað að er jarl réð fyrir. Hann settist utarlega um kvöldið en um morguninn gekk hann fyrir jarl. Sjá jarl var vinsæll af alþýðu en var þó þá óglaður. Hann kvaddi vel jarlinn. Hann tók því vel. Jarl spurði hver hann væri.

Hann kvaðst vera íslenskur maður, leysingi einn af smám ættum, nýkominn úr skipbroti, auralaus maður "veitið mér, herra, veturvist því að eg vil gjarna með yður vera."

Jarl mælti: "Svo líst mér á þig sem þess munir þú þurfa."

Þorvaldur bað hann vísa sér til sætis.

Jarl mælti: "Sittu á óæðra bekk þar sem mætast þrælur og frjálsir menn. Vertu fáskiptinn og kátur af þyrft þeirri við alla."

Þorvaldur gekk til sætis og er hann þar um veturinn. Gerir hann eftir því sem jarl mælti að hann var kátur við bekkjunauta sína enda voru þeir auðveldir í öllum spurningum og spurði hann jafnan margs. Og leið veturinn mjög fram að jólum.

Þá ógladdist mjög lýðurinn. Jarlinn gerði þá mjög ókátan. Jarl átti sér konu unga og tvo sonu við, unga að aldri en væna að álitu. Og það var einn aftan að Þorvaldur spyr þá er næstir honum voru hvað mönnum stæði fyrir ógleði. Enginn vildi segja honum og líður nú að jóluum. Það var eina nótt að þeir menn heyrðu sem næst lágu Þorvaldi að hann lét illa í svefni. Þeir vildu vekja hann en jarl bað þá láta hann njóta draums síns. Síðan vaknaði hann og spurðu menn hvað hann hefði dreymt en hann vildi þar ekki frá segja. Það var tveim nóttum áður menn héldu jól sín að Þorvaldur gekk fyrir jarl og kvaddi hann vel og virðulega. Jarlinn tók því blíðlega.

Þorvaldur mælti: "Því er eg hér kominn að eg vil spyrja yður að því er enginn vill annar. Eg vildi vita hvað til ber um ógleði þeirra manna er hér eru því að menn njóta hvorki svefns né matar og aflar mér það nokkurrar hryggðar. Þykir mér þú af því líklegastur til að segja mér, þeirra sem hér eru, að þú ert hér formaður annarra."

Jarl kvað hann þess ekki þurfa að forvitnast "því að það skiptir þig öngvu. Þú munt ekki að því gera og hafðu öngva þökk fyrir fréttina. Forvitnist þér það mart að yður er engin þörf á og væri það maklegt að þess gyldi einhver."

Þorvaldur kvaðst eigi mundu að hafa spurt ef hann hefði vitað að honum þætti fyrir "mun eg þá og af hverfa en bið eg að þér ráðið draum minn."

Jarl svarar: "Enginn er eg draumamaður. Kann eg og ekki að ráða þá því að eg hendi ekki tal af þeim en þó máttu segja ef þú vilt."

Þorvaldur mælti: "Þóttist eg ganga til sjávarins með þeim sama búningi sem eg er vanur að hafa hversdaglega. Mér þótti þann veg ljóst að eg sá leið mína. Spjót mitt hafði eg í hendi mér. Mér þótti vera fjara er eg kom til sjávarins en eigi flóð. Eg þóttist ganga með sjónum þar sem voru sandar miklir og útfiri. Og er það þraut varð fyrir mér fles ein. En er eg fór yfir gjögurinn var þar vaxið þangi stóru og þá sá eg á land upp hæð mikla eða fjall en í fjalli því framan voru hamrar við sjóinn og bjarg mikið og hátt. Eg þóttist snúa fyrir framan bergið þar til að eg kom að forvaða einum. Eg þóttist þar vaða fyrir framan og hafa djúpt. Og þá kom eg á smámöl. Gekk eg þá lengi með sjónum, milli og bjargsins. Þá varð fyrir mér hellir mikill og gekk eg þar inn. Eg sá þar brenna ljós svo að hvergi bar skugga á. Eg sá járnúlu eina standa upp í hellinum undir ræfur en við þessa súlu var bundin ein kona. Hendur hennar voru bundnar á bak aftur en hári hennar var vafið um súluna. Hlekkir voru um hana úr járn. Var þar lás í öðrum enda og var hún þar læst við. Eg þóttist taka til að leysa hana og það gat eg leikið. Sá eg þar ekki fleira kvikt en hana eina. Fór eg þá þaðan í burt með hana. Þóttist eg þá fara fyrir forvaðann og komst eg þar. Þá þótti mér sem mér væri eftirför veitt af einhverju kvikindi. Var mér það mikill ótti. Við hittumst en ekki man eg hversu fór með okkur. Mun eg þá hafa látið illa í svefninum. Í því vaknaði eg."

Jarl varð svo rauður er hann heyrði þetta að honum mátti nálega einum fingri dreyra vekja.

Hann þrútnaði mjög og mælti: "Undarlega er yður farið að þér segið að yður dreymi það er menn segja yður og er ærin skapraun mín þó að eg sé ekki minntur á því að eg man enn nær dóttir mín hvarf á burt héðan. Væri það maklegt að sá kenndi á sínum hlut er þér sagði þar sem eg hefi áður bannað öllum."

Þorvaldur svarar: "Vel máttu vita þetta herra. Enginn þinna manna hefur mér þessi tíðindi sagt. Þetta hefur mér í svefni sýnt verið. Mun eg hér svo mikið mál til taka sem þér viljið."

Jarl þagnaði og svaraði af stundu: "Hér skiptir tvennu um þína hagi að þú ert maður forspár ella muntu dauður maður af stundu."

Þorvaldur svarar: "Eg vildi að þér segðuð mér þau tíðindi er hér hafa orðið í yðrum hífýlum. Þykist eg það vita að mikil munu orðin."

Jarl svarar: "Hví mun eigi verða svo að vera? Eg átti mér eina dóttir, fyrr en þessa sveina tvo, er Droplaug hét. Það var kallað að hún væri vel mennt. Eg unni henni mikið. Á hinum fyrrum jólum hvarf hún héðan á burt. Hana tók jötunn sá er Geitir heitir. Á hann þar byggð er þú þóttist koma. Það heitir Geitishamar en það fjall heitir Geitissúlur. Að þeim manni verður mörgum mein. Meiðir hann bæði menn og fé en sjá meinvættur er mest á öllu Hjaltlandi. Hef eg það mælt að þeim manni mundi eg hana gefa ef nokkur væri svo frækinn að henni næði á burt."

Þorvaldur kvaðst það ólíklegt þykja að hún mundi þaðan nást.

Jarl svarar: "Eigi mundi eg hana félausa á burt hafa látið ef eg hefði ráðið. Sýnist mér þú skyldur til að leggja þig í nokkra hættu er þú hefur fyrstur til orðið eftir að spyrja."

Þá svarar Þorvaldur: "Eg vildi aldrei eftir hafa spurt" og snýr þegar á burt og til sætis síns. Hann mælti við öngvan mann á því kvöldi.

Eftir náttverð fara menn til rekkna. Og er Þorvaldur finnur að menn eru sofnaðir þá rís hann upp og tekur spjót sitt í hönd sér. Hann gengur út og til sjóvar ofan og var fjara en eigi flóð. Hann gengur með söndum nokkrum og stefndi til norðurs, mjög hina sömu leið sem honum hafði sýnst í svefninum. Þar til gengur hann er fles ganga og gjögrar og þang stórt. Þá varð fyrir honum malargrýti. Gengur hann enn þar til er forvaði var og veður hann fyrir forvaðann. Hér kemur hann nú sem honum hafði sýnst í svefninum og gengur að helli og inn í hellinn. Sá hann að ljós brann. Öðrumegin sá hann rekkjurúm eitt, miklu meira en hann hefði annað fyrir séð slíkt, og hugsaði þó að hann legðist niður í rúmið og annar maður jafnmikill honum og spyrntust í iljar að þó mundi ærið langt en Þorvaldur var þó manna mestur. Þessi rekkja var ekki að öðru minni en að lengd. Var þessi hvíla öngvu tjölduð nema borða einum en yfir rekkjuna var breitt guðvefjarpelli. Beðirnir voru stórir svo að mikið var upp úr hvílunni. Yfir hvílunni sá hann hanga eitt sverð mikið. Hann tók það ofan og fylgdi steinafall mikið. Sverðið var búið vel að umgjörð. Járnhjölt voru að. Ekki var það búið meir. Hann brá sverðinu og var það grænt að lit en brúnt með eggjunum. Hvergi var ryðfleckur á sverðinu. Eigi hafði hann séð vopn jafneigulegt. Hann sá öðrumegin í hellinum varningsshlaða. Alls kyns íslenska vöru og léreft og margs konar varning sá hann þar liggja er nöfnum tjáði að nefna og svo hin bestu föng kostar og nóglegs drykkjar. Þar voru alls kyns gæði þau er betra var að hafa en missa. Hann sá járnúlu eina í miðjum hellinum og þar konu við bundna með þvílíkum hætti sem honum sýndist í svefninum. Hún sat í rauðum kyrtli en svo fögur sem honum sýndist hún í svefninum þá sýndist hún honum nú miklu fegri. Hann gekk að henni og heilsar hún honum. Hann tók því vel og spurði hver hún væri. En hún sagði til og kvaðst Droplaug heita og vera dóttir Björgólfs jarls.

Hún bað hann fátt við sig mæla "er þér nauðsynlegra að leita þér lífs því að þú ert verr kominn en þú hyggur. Hér ræður fyrir tröll svo mikið að honum finnst eigi annar líkur. Er eg miklu fastlegar komin en þú megir mér á burt koma."

Hann segir hana með sér fara mundu.

Hún segir að hann megi það ekki "því að hann er miklu meira tröll en mennskir menn megi rönd við reisa. Mun hann heim koma brátt því að hann fer að föngum í nótt en bindur mig við súluna meðan hann er í burt. En um daga er hann í rekkju sinni og leikur þá að mér, kastar mér hönd af hendi og hendir mig en þá er hann vill sofa fær hann mér til leikna gull og gersemar. Hann fær mér og öngva þá fæðu að eg megi eigi vel neyta og öngvu hóti þykist hann of vel við mig gert geta það er hann má."

Þorvaldur svarar: "Annaðhvort skulum við bæði burt komast eða hvortgi."

Hann brá þá sverðinu og hjó af henni járnfestina og beit svo vel að þegar tók í sundur. Hann leiðir hana þá út af hellinum. Ekki hafði hann fé í burt nema sverð. Þau ganga nú eftir mölinni og að forvaðanum. Hann fann að hún var dregin mjög því að hún var óheil. Tekur hann hana þá upp í fang sér og veður fyrir forvaðann og hafði hann nú sýnu djúpara en í fyrri sinni því að flætt var mjög. Hann gat litið upp yfir sig í bergið að skor var því líkust sem höggvin væri með berghöggi. Ekki nær hann þangað. Hann sá himintungl og var þá komið mjög að degi. Þá var hann kominn mjög á flesin. Var þá seinfært mjög og þá heyrði hann aftur til hellisins óp mikið.

Konunni brá mjög við þessi læti og bað Þorvald láta sig ofan "og sagði eg þér áður að þú mundir ekki mega við mig kjalast og leitaðu fyrir þér. Nú er hann heim kominn og mun hann verða mér feginn en hann mun ekki eftir þér leita ef hann ratar mig."

Hann svarar: "Það skal aldrei verða því að eitt skal yfir okkur ganga meðan eg má á þér halda" steypir af sér loðkápuni og færir hana í, setur hana niður síðan í gjögurinn og spjótið hjá henni en hann snýr aftur á veginn. Hann sér þá að bar við himni höfuð jötunsins, miklu hærra en hamarinn. Hann bar að henni grjót svo mikið að hún mátti ekki á burt komast. Þá tók hann sverðið og gengur í mót jötuninum.

Jötunninn kallar hátt og bað hann niður láta melluefni sitt "ætla þú þér mikið í fang að færast auðvirði þitt ef þú vilt taka hana frá mér er eg hefi áður lengi átt."

Og í þessu stígur jötunninn upp í skoruna bjargsins þá sem Þorvaldur hafði séð, en öðrum fæti á flesin og varð hann eigi votskór. Og sá hann að til þess var þessi skor að jötunninn vildi eigi vaða. En í þessu kemur Þorvaldur að og hleypur inn undir hann en jötunninn breiðir frá sér lámama og ætlaði að taka Þorvald. En í því höggur Þorvaldur til hans og kom á mitt lærið jötunsins og tók af fótinn vinstra fyrir ofan kné en hinn hægra fyrir neðan kné og kom sverðið í sandinn niður.

En jötunninn féll og kvað við sárlega og mælti: "Illa hefur þú mig svikið og meir en eg ætlaði að þú hefur tekið það eitt vopn er mér mátti grand vinna. Fór eg af því óhræddur eftir þér að eg hugsaði ekki að smámenni mundi mér verða að bana. En nú muntu þykjast hafa mikinn sigur unnið. Muntu ætla að bera vopn þetta og þínir ættmenn. En það mæli eg um að þá verði þeim síst gagn að er mest liggur við."

Þorvaldur leitaði þess á að hann skyldi ekki fleiri orð mæla þeim til óþurftar og höggur á hálsinn svo að af tók höfuðið og stakk höfðinu milli þjóanna. Því vann hann það eigi fyrri að hann fálmaði höndunum og fékk Þorvaldur eigi færi á honum fyrr en hann kyrrðist. Gengur hann síðan burt frá honum og þar til er hún lá og fann þá að á henni var ómegin eða óvit. Hann tekur hana upp og rann þá af henni brátt svo sem svefn. Hann gengur með hana þar til er hann kemur heim til hallar. Þá voru menn að dagdrykkju. Menn höfðu saknað Þorvalds og gáfu þeir lítinn gaum að því.

Og nú gengur hann inn í höllina og hafði Droplaugu á handlegg sér en sverð í annarri hendi. Gekk hann fyrir jarlinn og kvaddi hann og kvaðst færa honum dóttur sína. Jarl varð henni einkar feginn og margir aðrir. Jarl spurði með hverjum hætti eða atburð hann hefði henni náð. Hann sagði allan atburð og kvað mjög eftir drauminum gengið hafa.

Jarl svarar: "Mikil er gifta þín og gæfa er þú hefur unnið þann óvin er hér hefur mestur verið á voru landi. En þó munum vér brátt sjá þetta."

Hirðmenn sögðu að þetta mundi ekki svo mikið tröll vera sem menn höfðu látið "að hann hefur einn unnið og mun þetta lygi ein vera."

Og eftir þetta ætlar Þorvaldur að snúa til sætis síns.

Jarl kallaði þá eftir honum og bað hann sitja það forsæti fyrir framan hásetið "mun annaðhvort vera um hagi þína að þú munt meiri virðingar verður en eg hefi til þín gert eða þú munt ekki langær maður verða. En það mega allir sjá að þú hefur oss góða fórn fært. Er þín för góð orðin og er oss nú jafnnýtt um sem þá er enginn varð til í þennan háska að ganga. En aldrei mun mér efalaust að vér njótum þessarar konu fyrr en eg veit víst að sjá fjandi er af ráðinn."

Eftir það drekka menn og heldur í skemmra lagi. Þá eru tekin ofan borð. Björgólfur jarl bað menn sína vopnast og ganga til að sjá þessi tíðindi. Þeir fara og Þorvaldur með þeim og koma þar til er sjá dólgur lá og sáu nú allir hversu að var unnið. Gengu margir tæpt að, þeir er áður kölluðu þetta lítið þrekvirki verið hafa. Jarl lætur fella mörk og draga saman. Hann lætur hlaða bál og láta síðan draga jötuninn út á bálið og brenna hann að köldum kolum og eftir það flytja þeir öskuna á sjá út. Síðan fara þeir til hellisins á skipunum og flytja þaðan mikinn auð og allt það er fésmætt var og flytja heim. Er þar kallað jafnan síðan Geitishellir og Geitishamrar. Og er ekki getið að hann sé síðan af tröllum byggður.

6. kafli

Þá er menn komu heim var varningurinn tíndur og er það kallað að þar væri kominn mestur hluti þess varnings er á því skipi var er Þorvaldur hafði á verið og þar kenndi Þorvaldur alla sína vöru. Þorvaldur og jarl létu það hvern hafa er sér kenndu en hitt var þó miklu meira er enginn bar kennsl á fyrir því að íslenskur varningur var lítils verður hjá því sem annað var, það sem þar var, því að það var margra manna sælur. Síðan launaði Þorvaldur þeim mönnum vel er sitt erfiði höfðu fyrir þessu haft.

Þorvaldur situr nú í Hjaltlandi í mikilli virðingu. Þótti þetta hið mesta þrekvirki er hann hafði unnið. Jarlinn virti öngvan mann fyrir Þorvald fram og þar gerðu aðrir menn eftir. Sat hann þar þau misseri hin næstu.

Og á þessu sama sumri spurðist virðing sjá til Íslands er Þorvaldur hafði fengið á Hjaltlandi. Margir menn í Austfjörðum fögnuðu er þeir spurðu að svo hafði að borist nema Ketill bróðir hans. Hann lét sem hann vissi eigi. Þótti mönnum mikil gifta til Þorvalds fallið hafa svo afskiptan sem Ketill hafði hann gert.

Þorvaldur sat á Hjaltlandi framan til jóla og þá gekk hann fyrir jarl og kvaddi hann og spurði hann hvort hann myndi nokkuð til hinna fyrri jóla. Hann kvaðst gjörla muna.

"Þá mun eg fram heimta það verðkaup sem þú sjálfur sagðir upp þá er eg sagði þér draum minn, að þú hést að gefa þeim manni dóttur þína er henni næði burt þaðan. Nú vil eg vita mitt erindi. Vil eg ekki hér vera ef mig dregur ekki til."

Jarl mælti: "Allt er mér samt í hug um það nú og þá að mér líst þú maklegastur að njóta hennar ef nokkur nyt er í. En eigi sýnist mér nú jafngóður kostur sem þá er héðan fór því að þessi kona er nú eigi allra færi sakir skaplyndis en þú sérð sjálfur fyrir kosti þínum. En halda vil eg allt það sem eg hefi um mælt en þitt gjald mun vera ef nokkuð brestur í þar um. Er líklegt að vel verði því að henni er allvel til þín. Og í hvert sinn er þín er getið þá segir hún að enginn muni koma til jafns við þig. En gefa vil eg þér jarldóm til þess að synir mínir eru til færir við ríki að taka."

Þorvaldur kvaðst eigi það vilja "því að mér þykir þá best komið er þér varðveitið þar til að þeir taka við, en mér er það eigi hent því að eg er eigi höfðingjaættar."

Og eftir það var sent eftir móður Droplaugar þeirri er Arneiður hét. Grímur hét bróðir hennar en faðir hennar hét Helgi, danskur maður, en móðir þeirra Hallerna. Þau systkin komu þangað og er þeim sagður þessi kaupmáli. Þeim kvaðst svo að hyggjast að eigi mundi annar maklegri að njóta þessarar konu en þessi maður og sögðust hér góðan þokka til mundu leggja. Og við þetta var Droplaug fest Þorvaldi með miklu fé. Var þá stofnuð veisla fríð. Skorti hvorki tilföng nóg né fjölmenni mikið og fór veislan allvel fram. Og að henni liðinni gaf Þorvaldur hverjum manni góðar gjafir. Fékk hann svo miklar vinsældir að nálega báðu honum allir menn góðs og sat hann nú þar þennan vetur til þess að voraði. Þá keypti hann skip það er uppi stóð í Þórsá og færir þangað til stórfé og konu sína Droplaugu. Voru góðar þeirra samfarir því að hvort þeirra veitti öðru vel en við aðra menn var hún heldur skapstór en þess í milli fálát og steigurlát en þó var hún afbragð annarra kvenna bæði að yfirlitum og atgervi.

Arneiður móðir hennar átti mörg skilgetin börn og var hún þá ekkja er hún átti þessa sína dóttir, Droplaugu. Og á þessu vori seldi hún sonum sínum í hendur bú sitt en gifti dóttur sína er Gróa hét. En Arneiður réð sig í skip með Þorvaldi og vildi fylgja dóttur sinni til Íslands. Grímur Hallernuson fór og með þeim. Og er þau voru búin sigldu þau í haf og fengu góð veður og hagstæð, tóku Ísland snemma sumars. Þau komu þar skipinu er Höfn heitir í Borgarfirði fyrir sunnan Njarðvík.

Frændur Þorvalds riðu margir til skips þegar þeir spurðu útkomu hans og fögnuðu honum vel og buðu til sín með sæmd með því liði er hann vildi að færi. En Ketill bróðir hans kom ekki til skips enda sendi Þorvaldur honum engin orð. Þá var Ketill kvongaður og átti son er Þorkell hét og var kallaður fullspakur. Hann kemur lítt við þessa sögu en kemur hann þó enn við síðar.

7. kafli

Hallsteinn hét maður. Hann bjó á þeim bæ er í Jórvík heitir. Hann var ungur maður og var þá nýkvongaður. Hann var skyldur þeim mjög Njarðvíkingum. Við þennan mann var Þorvaldur ástúðugastur áður hann fór utan. Hann reið til skips þegar hann spurði útkomu Þorvalds og bauð honum með sér að þiggja um veturinn með allt sitt föruneyti. Það þekktist Þorvaldur og fór þangað með fjórða mann, þjónustumann hans og þjónustumær hennar, en aðrir skiparar vistuðust í hérað upp. Skipið var upp sett og umbúið.

Líður veturinn og situr Þorvaldur í Jórvík með yndi miklu. Og um vorið réðu frændur hans honum að hann skyldi kalla til við Ketil bróður sinn að taka við goðorði sínu og mannaforráði.

En Þorvaldur kvaðst eigi það mundu gera "því að mér mun það lítið tjá þó að eg geri það og vinn eg það eigi til virðingar að deila við frændur mína."

Það er sagt að Þorvaldur reið heiman við nokkra menn upp í hérað og vestur yfir Lagarfljót og upp á strönd og allt þar til er hann kom á þann bæ er á Vallholti heitir. Þetta land var lítið að húsum en þó fullbýlisland. Það kaupir Þorvaldur með fé. Hann húsaði landið og eflði bústað þann og er sá bær góður kallaður síðan jafnan. Eftir það tekur Arneiður móðir hennar við búi fyrir innan stökk og allri umsjá. Er þá snúið nafni bæjarins og kallað á Arneiðarstöðum. Sest Þorvaldur þar í bú og fékk hann brátt vinsældir miklar. Droplaug skipti sér ekki af ráðum. Var hún ríkilát mjög. Þótti mönnum mikils um hana vert. Enginn var Þorvaldur goðorðsmaður, sem fyrr var ritað, en þó var hann svo vinsæll að nálega vildi svo hver maður sitja og standa sem hann vildi. Frændur hans hylltust hann að mjög enda gerði hann sér alla menn að vinum.

Maður hét Bessi og var Össurarson. Hann bjó í Fljótsdalshéraði. Það er fyrir vestan Lagarfljót, þar er heitir á Bessastöðum, við vatnsbotninn. Bessi átti tvö börn. Hét son hans Ormsteinn en Þorlaug dóttir. Ormsteinn var kvongaður og bjó á Víðivöllum hinum syðri en Þorlaug Bessadóttir var þá ung að aldri. Bessi var spekingur mikill og var kallaður Spak-Bessi og við hann er kenndur bærinn á Bessastöðum.

Við þennan mann leggur Þorvaldur heitt vinfengi og svo hvor við annan.

Flestir fóru utan með skipinu er út höfðu komið með Þorvaldi því að hann sendi Björgólfi jarli skipið og þar með mikinn íslenskan varning.

Grímur Hallernuson var eftir á Íslandi því að hann vildi eigi utan fara. Hann keypti sér land það er að Giljum heitir. Það er í Jökulsdal neðanverðum. Hann bjó þar tvo vetur og þá tók Grímur Hallernuson sótt og andaðist og tóku synir hans við búi og fjárforráðum.

En á hinum fyrstum misserum er þau Þorvaldur og Droplaug bjuggu á Arneiðarstöðum þá fór hún kona eigi ein saman. Líða stundir fram í líkindum og þar til að hún ól barn og var það sveinn. Hann var vatni ausinn og nafn gefið og kallaður Helgi. Sá sveinn óx þar upp með föður sínum og var hinn efnilegasti. Og enn líðu stundir eigi langar áður þeim varð annars sonar auðið og var sá nefndur Grímur eftir Grími Hallernusyni. Uxu þeir nú þar upp báðir bræður og var þeirra tveggja vetra munur, báðir mjög efnilegir.

Fjóra vetur var Arneiður fyrir búi áður hún andaðist. Er þar haugur hennar fyrir ofan garð og utan. Þá tók Droplaug við öllum ráðum og varð henni það vel í hag.

8. kafli

Gunnar hét maður. Hann var skyldur mjög Njarðvíkingum. Hann bað þeirrar konu er Rannveig er nefnd og var honum heitið konu. Býr hann þá veislu og býður til mörgum mönnum. Þeim Þorvaldi og Droplaugu var og þangað boðið og þeim mönnum er þau vildu og hétu þau ferðinni. Og er að því kom er þau skyldu fara kvaddi Þorvaldur Droplaugu til ferðar með sér.

Hún kvaðst hvergi fara mundu "og svo vildi eg að við gerðum bæði," sagði hún.

Þorvaldur spurði hví hún væri svo hverflynd "þar sem þú hést sem eg."

Hún svarar: "Ekki fer eg að því og bið eg að þú farir hvergi því að mér segir svo hugur um að oss verði lítil sæmd að boði þessu og ráðin er eg að fara alls hvergi en þú munt ráða þínum ferðum þó að eg beiði annars um."

Þorvaldur svarar: "Eigi nenni eg að sýna svo mikla ómerki við frændur mína þar sem við hétum bæði en eg mundi hvergi fara ef eg hefði eigi svo fastlega heitið."

Býr hann nú ferð sína. En hún varð hrygg mjög við það. Þorvaldur fer nú við hinn níunda mann á einum teinæringi. Hann var vopnaður vel.

Hún bað að hann mundi eftir láta sverðið "því að mér segir þungt hugur um þína ferð. Eigi fyrir því, einskis þykir mér vert sverðið hjá þér."

Þorvaldur sagði lítið mark að um hugboð manna "og hefur þú ekki þann veg látið fyrr, en ekki er mér svo mikil elska á sverðinu að eg megi eigi vel af því sjá."

Fer Þorvaldur nú til skips og hún með honum og þykir henni allmikið að skiljast við hann og gengur hún heim en Þorvaldur siglir út eftir vatninu útsynningsveður. Styrmdi svo mjög að Þorvaldur týndist í þessari ferð og þeir allir er með honum voru. En þessi tíðindi spurðust brátt um héraðið og þótti mörgum mikil.

En boðið fór vel fram allt að einu er Gunnar kvongaðist. Þau gerðu bú út í héraði á þeim bæ er á Brandastöðum heitir og bjuggu lengi. Og þegar hin fyrstu misseri áttu þau barn. Það var dóttir og hét Þórdís. Hún var efnileg og vel mennt. En á öðrum misserum áttu þau barn annað. Það var sveinn og var nefndur Þorkell. Þessi börn þóttu bæði efnileg og uxu þar upp, vel efnileg. Þessi voru elst börn þeirra. Mörg áttu þau önnur börn og koma þau ekki við þessa sögu. Þessi börn áttu sér viðnefni og var hann kallaður Þorkell trani en hún Þórdís bestingur.

9. kafli

Svo er sagt að Droplaug kunni illa fráfalli Þorvalds og annaðist mjög sjálf um fjárvarðveislu. En er Bessi spurði þessi tíðindi þá gerði hann heimanför sína út á Arneiðarstaði en Droplaug tók við honum forkunnar vel sem hún var vön.

Bessi mælti: "Það er sem þú veist að vinskapur mikill var með okkur Þorvaldi svo að hvor unni öðrum. Vil eg nú bjóðast til fjárforræðis með þér. Þar með býð eg Helga syni þínum til fósturs og því heiti eg þér með að kenna honum slíkt mannvit sem eg kann."

Droplaug kvaðst eigi nenna að drepa hendi við sæmd sveinanna "en þó er mér nú að þeim mest yndi allra manna."

Þá var Helgi sex vetra gamall en Grímur fjöggra vetra. Hvortveggi þeirra var snemma roskinn.

Þá svarar Helgi: "Svo ann eg mikið Grími bróður mínum að eg má eigi við hann skilja. Munum við annaðhvort vera heima báðir eða fara burt báðir."

Bessi svarar: "Gott þykir mér það að vita að ástúðugt sé með ykkur. Vil eg að þið séuð þeim stundum með mér er ykkur þykir það betra. Ann eg ykkur þess jafnvel báðum."

Helgi segir að þeir mundu ýmist vera með honum eða heima til yndis við móður sína. Nú fara þeir upp með Bessa og er hann ástsamlegur til þeirra bræðra en lagði þó meira stund á að kenna Helga íþróttir. Þeir voru þar löngum meðan þeir voru ungir en því lengrum heima sem þeir voru eldri. Sinn veg var hvor þeirra bræðra yfirlits. Grímur var hvítur og hrokkinhár og að öllu sjálegur en Helgi var mikill maður vexti, ljósjarpur á hár og rauðlitaður, breiðleitur og hinn kurteisasti, en það þótti helst að yfirlitum Helga að hann var munnljótur.

10. kafli

Þess er getið eitt sumar að skip kom af hafi í Reyðarfjörð. Kona ein réð fyrir skipinu sú er Gróa hét. Hún var systir Droplaugar, mjög rík að fé. Fór hún af því út hingað að bóndi hennar hafði andast og þá seldi hún lendur sínar og keypti skip og ætlaði að finna móður sína. Droplaug ríður til skips og býður systur sinni til sín og það þiggur hún. Og þennan vetur er Gróa er þar voru sveinarnir Helgi og Grímur heima og var Gróa vel til þeirra. Ástúðugt var með þessum frændum. Fundu menn það að hvorri þeirra systra var yndi að annarri.

En um vorið spurði Gróa Droplaugu hvar hún sæi henni bústað.

Hún svarar: "Veit eg þá menn er sitja á góðum bústað með mikið lið en fjárkost lítinn. Þykir mér líklegt að þeim muni falt land. Sá bær heitir á Eyvindará, það er fyrir austan Lagarfljót, og er eitthvert bjargmest land í héraðinu og þokkaland allmikið."

Svo fór það til að þær systur keyptu þessa jörð og setur Gróa þar bú saman og fékk Droplaug henni málnytu og aðra þá hluti er hún þurfti að hafa til búsin. Gróa lætur höggva upp skip sitt og flytja heim viðinn og leggja í hús og þeir viðir eru þar enn í húsum. Gróa sýndi brátt af sér mikla risnu og tók mikla vinsæld. Hún var kvenna minnst en afbragðlega sjáleg, greyp í skapi og skörungur mikill og forvitra. Hún hafði eigi lengi búið áður hún ól þann grip með fé sínu er henni þótti betri en önnur eiga sín jafnmikil. Það var hestur er hún kallaði Inni-Krák því að hann var inni hvern vetur. Hann var svartur að lit. Lét hún hann gelda snemma. Svo mikill fégróður hljóp að Gróu að Eyvindará að nálega þóttu tvö höfuð á hverju kvikindi. Menn fóru úr ýmsum héruðum og báðu Gróu og hnekkti hún öllum frá og kvaðst svo misst hafa bónda síns að hún ætlaði öngvan mann að eiga síðan. Synir Droplaugar voru lengi með Gróu og var það mál manna að þeir ættu góðs í milli að ganga að vera á þeim þremur bæjum er bestir voru í héraðinu og var þeim þar alls staðar ástsamlega veitt.

Það bar til einn dag að drepið var á dyr á Bessastöðum og Bessi bóndi fagnaði þeim sem komnir voru. Var þar Ásbjörn bóndi vestan af Aðalbóli og Helgi son hans og fóru bónorðsför og báðu Þorlaugar Bessadóttir til handa Helga Ásbjarnarsonar. Bessi hyggur að og líst svo að eigi muni víst að æðri maður veldist til við hann til mægða þó að hún væri góður kostur, því að Helgi var hinn vinsælasti maður. Var þessu ráðið. Leggur Ásbjörn til mannaforráðið allt og fé svo mikið sem Bessi beiddi. Var Helgi hinn sæmlegasti maður.

Eftir það var að veislu snúið og víða mönnum til boðið um héraðið. Droplaugarsynir voru eigi heima og voru út á Arneiðarstöðum. Bessi sendi þeim orð að þeir skyldu koma til veislunnar en þeim fannst fátt um og létu sem þeir vissu eigi. Fóru þeir og hvorgi og sátu heima. En veislan fór vel fram allt að einu. Og upp frá því voru Droplaugarsynir aldrei langvistum á Bessastöðum og hafa það margir menn fyrir satt að Helga Droplaugarsyni væri aftursjá að um gjaforð þessarar konu.

Eftir þetta setur Helgi Ásbjarnarson bú á Oddsstöðum og var vel um samfarir þeirra. Tók Helgi Ásbjarnarson nú vinsældir miklar og allt mannaforráð að helmingi við Hrafinkel frænda sinn fyrir austan vatn. Og þegar hin fyrstu misseri er þau voru ásamt varð þeim barns auðið. Það var mæð og kölluð Ragnheiður.

Helgi sat á Oddsstöðum tvo vetur og unnust þau mikið og vel. Og á hinum þriðja vetrinum beiddist hún að fara á kynnisleit upp á Bessastaði að finna föður sinn. Hún lét eftir meyna og vandi af brjósti. Hún var uppi þar viku og þá þótti Helga mál að hún færi heim og sendir eftir henni þræla tvo og uxa. Þeir voru þar um nótt. Þá féll lognsnær um nóttina. Um morguninn fara þau heimleiðis. Þá var Helgi farinn ofan á drang þann er fram gengur af Oddsstaðahöfða. Sá hann þá að þeir óku sunnan eftir ísinum og ofan í vök eina og drukknðu þau þar öll. Þar heitir nú Þrælavík. Helgi sá upp á misfarar þeirra og þótti allmikið. Helgi gekk heim og sagði tíðindin og þóttu mörgum mikil. Spurðust þessi tíðindi um allt héraðið. Og er Bessi spurði þetta þá bauð hann heim meyjunni Ragnheiði og fékk henni þar fóstur með sér. Ætlaði hann þá að Helgi mundi skjótara af hyggja en það varð þó ekki.

En hann sat þá enn tvo vetur að Oddsstöðum og þá eggjuðu menn hann að hann kvongaðist. Og hann fór heiman og norður Smjörvatnsheiði til Vopnafjarðar og komu til Hofa. Þar bjó sá maður er Bjarni hét og var Brodd-Helgason, hinn mesti skörungur og höfðingi mikill. Hann átti sér systur er Þórdís hét. Hún var fríð kona og vel mennt. Viðurnefni átti hún sér og var kölluð Þórdís todda. Því var hún svo kölluð að hún gaf aldrei minna en stóra todda þá er hún skyldi fátækum gefa, svo var hún örlát. Hún var skapstór og skörungur mikill, skafinn drengur og líkleg til góðs forgangs en þó var hún lítills virð heima. Og þessarar konu bað Helgi Ásbjarnarson sér til handa. Bjarni gaf konuna. Er þá boð stofnað og sitja menn þar að veislu og er boðinu var lokið ríður Helgi heim með konu sína Þórdísi. Tók hún þar við búi og öllum forgangi. Kölluðu margir að þess væri vel fengið sem síðan bar raun á að hún var forvitra.

Litlu síðar en hann var kvongaður var honum kennt barn. Það hafði hann smíðað meðan hann var kvonlaus. Það var mæð og hét Rannveig. Matselja sú var móðirin er Helgi hafði sett fyrir bú sitt. Þórdís tók við þessi meyju og gerði svo til sem hún ætti. Fæddist mærin þar og var að öngvu ósjálegri en sú er skilgetin var. En Þórdís lét þá konu þegar á burt og fékk henni góða peninga. Á þetta lagðist mikil virðing hversu vel Þórdís fór þá sem mart annað.

Og er þau höfðu einn vetur ásamt verið þá það hún Helga selja land þetta því að hún þóttist eigi halda mega risnu sinni fyrir aðkvæmdarsakir "og vildi eg að þú keyptir landið í Mjóvanesi því að mér sýnist þá eigi jafnmjög í garðshliði."

Þetta land kaupir Helgi og fer byggðum til og býr þar lengi síðan þangað til að hann þóttist þar eigi mega sitja fyrir þeim tíðindum er síðan gerðust.

11. kafli

Þórir hét maður er bjó í Mýnesi fyrir austan Lagarfljót. Sá bær stendur mjög í miðju héraði. Þar er einn bær í milli og Eyvindarár, er Gróa bjó, er heitir á Finnsstöðum. Þórir var hægur maður og vinsæll. Hann var þá kvonlaus og hafði svo lengi verið. Hafði hann sett ýmsar matseljur fyrir bú sitt.

Þorgrímur er nefndur leysingi einn. Hann átti viðnefni og var kallaður tordýfill. Hafði hann unnið sig burt úr þrældómi og var áður þræll fastur á fótum. Hann var heimamaður Mýness-Þóris og skyldur honum mjög. Þorgrímur var lítill maður vexti og kviklegur, orðmargur og illorður, heimskur og illgjarn, og ef hann heyrði nokkurn mann vel látinn þæstist hann í móti og mátti eigi heyra og varð hann þeim öllum nokkra flýtu að fá.

Sá var síður víða í fyrndinni að lítt voru baðstofur og höfðu menn þá baksturelda stóra. Var þá víða gott til eldiþanda því að öll héruð voru full af skógum. Þá var og svo húsaskipan að hvert hús stóð af enda annars en öngvar stofur. Þá var allt eitt, skáli sá er menn sátu í að mat og þar sváfu menn upp undan borðum hver úr sínu rúmi. En innar af skálanum voru lokhvílur og lágu þar í vildarmenn.

Það var eitt kvöld um haust er menn komu heim frá heyverki og eru gervir eldar stórir og kasta verkmen klæðum og bakast við eldana. Þórir lá upp frá eldinum á klæðin og talaði við gesti sína.

Þá tók Þorgrímur til orða og mælti: "Oft mun að því koma að vér megum vel við una að vér höfum oss betur fengið húsbóndans en flestir aðrir. Munum vér og þess mega vilnast að hvergi mun slíkt að ganga sem hér í Mýnesi. Eða hvar vitið þér húsfreyju þá er yður þyki honum fullkosta og jafnvel hafi haldið risnu eftir sinn bónda sem hann eftir sína húsfreyju?"

Allir þögðu og svöruðu öngvu. Þá svarar Þorgrímur sér sjálfur: "Allgott er það að vita að eg vinn yður orðlausu og veldur það því að þér kunnið öngvu að svara."

Sá húskarl svarar honum er sat öðrumegin elds og nauta var vanur að gæta. Hann mælti við Þorgrím: "Oft er það um hagi þína að þú rausar það mart er eigi kemur til þín. Veit eg þá konu er það munu allir mæla að hún muni skörungur vera með konum sem Þórir með körlum og eigi minni rausn haldið eftir sinn bónda en Þórir eftir sína húsfreyju og má eg segja hvar hún situr. Farðu heiman vestur yfir Lagarfljót og upp á Arneiðarstaði. Þar býr sú kona er Droplaug heitir. Hana vitum vér best hafa setið eftir sinn bónda. Mun víðara mega til taka því að enginn mun hennar maki finnast á voru landi," sagði húskarl, "og þó víðara sé."

Þorgrímur svarar: "Það mun best að þegja nú og taka fyrir belgjarmunnann. En jafnan er eg málugur kallaður og er vel að það komi að í kvöld að eg svari því sem til liggur. Þá mættir þú það mæla að hún hafi vel unnað þeim bóndanum er hún átti er Þorvaldur var Þiðrandason og best hefir menntur verið í héraðinu ef hún hefði eigi lagt Svart þræl sinn í rekkju hjá sér. Og það er nú eigi færri manna orðrómur að Helgi Droplaugarson muni vera son Svarts þræls en Þorvalds."

Húskarl svarar: "Mikið telst þér á tungu og það er öðrum þykir ómælanda. Er það líklegast að þér taki um allt bak um síðir það er þú lýgur."

Þórir heyrir til tals þeirra og tekur til orðs í því er hann sprettur upp, hann hafði sprota í hendi og rekur um eyru Þorgrími og bað hann þegja og mæla eigi fleiri orð "er það líkara að þér vefjist tunga um höfuð. En bið eg alla þá sem hér eru við staddir, ef þeir þykjast nokkuð mér eiga betur að launa en Þorgrími, geri svo vel að enginn reiði þessi orð."

Margir hétu góðu um þetta að svo skyldi vera sem hann beiddi. En þó bar hinn veg raun á að enn voru eigi allir svo þagmælskir að þegðu yfir með og kemur oft að því sem mælt er að fer orð er um munn líður.

Þessi orð komu upp á Arneiðarstaði til eyrna Droplaugar og sonum hennar. Þeir voru þá eigi heima um daginn er Droplaug spurði þetta því að þeir höfðu það jafnan til skemmtanar að fara að rjúpum og báru heim byrðum. Þeir hentu að þessu mikið gaman og veiddu þeir ekki þann veg rjúpur sem aðrir menn. Ekki höfðu þeir net og skutu með snærisspjótum. Þeir báru heim þetta kvöld veiði og færðu móður sinni sem þeir voru vanir. Hún var jafnan von að taka vel við þeim en þó var nú venjubrigði.

Hún var nú mjög hálfær og mælti fátt nema af styggð það er var, kvaðst aldrei hirða hvort þeir bæru heim krækilfætur nokkrar "mun eg aldrei búa að síður þó að þið farið ekki að slíku."

Helgi svarar: "Ekki mein er þér að þessu móðir því að þetta verður okkur fyrir og má þetta vel gera til matar mönnum. Verður oss vandlifað. Illa þykir ef vér höfumst ekki að eða höfum ólæti og er eigi víst að við getum svo gert að öllum líki vel."

Droplaug svarar: "Má og vera, við þessa iðn er þú hefur, að Þorgrími tordýfli þyki þú meir segjast í ætt Svarts þræls heldur en í ætt Þorvalds Þiðrandasonar eða annarra Njarðvíkinga eða enn annarra þeirra er mér þykja flestir íslenskir lítils virðir hjá þeim."

Helgi svarar: "Er svo móðir að ruglað er skapi þínu. En hafðu ráð mitt að því þó að þér þyki sem er að eg er ungur. Skipaðu aldrei skap þitt eftir hins versta manns orðum. Legg aldrei trúnað þinn á slíkt er enginn mun annarra. Mun Tordýfli jafnan heima það er illt er en þig mun þetta saka ekki. Nú mun eg móðir hugga þig í fám orðum, að annaðhvort mun vera að mér mun ætlaður aldur lítill eða Fljótsdælir munu sjálfir segja að eg er son Þorvalds Þiðrandasonar, margir skulu minni til þess reka, en eigi sonur Svarts þræls. Bið eg að þú gerir þér eigi angur að slíku því að svo mun eg gera."

Þá var Helgi Droplaugarson tólf vetra gamall og svo vel þroskaður að margir voru þeir fulltíða að aldri að bæði hafði Helgi við þeim afl og þroska. Grímur var tíu vetra og allvel menntur. Með þeim bræðrum var svo ástúðigt að hvorgi vildi ganga úr húsi út svo að annar væri eftir. Hún snýr í burt af tali þessu og inn. Þeir voru þar um veturinn lengi áfram og var Droplaug aldrei jafn blíð við þá sem áður og gáfu þeir að því öngvan gaum. Fóru þeir fram sínu athæfi sem þeir voru vanir. Líður af skammdegið.

Það var eina nótt að tekið var á fótum Grími. Þá var nýlýsi mikið. Hann spurði hver þar væri.

Helgi svarar: "Láttu hljótt. Má eg aldrei sofna. Vil eg að þú rísir upp því að nú er svo ljóst sem um dag. Vil eg að þú farir með mér."

"Hvað munum við nú að rjúpum fara um nætur?"

Helgi svarar: "Förum við austur yfir vatn og ofan til Eyvindarár að hitta Gróu frændkonu okkra því að mér leiðist fálæti móður minnar."

Grímur sprettur upp og klæðist og ganga út síðan. Þeir voru svo búnir hversdaglega að þeir voru í söluvaðmálskuflum mórendum, þar brækur að neðan. Feldi höfðu þeir til yfirhafnar. Snærisspjót höfðu þeir í höndum en hvorgi hafði afl að bera sverðið, svo var það mikið. Þeir sneru ofan af velli á Arneiðarstöðum og ofan á vatnsís.

Þá mælti Grímur: "Hví snýrð þú á ísana? Ekki er þar von rjúpna. Snúum upp í heiði."

Helgi svaraði: "Ekki ætla eg þann veg að fara því að þar er svo styggt að hvern dag er að farið. Vil eg fara ís ofan til Vallaness og ofan á Völlu, yfir Grímsá, svo ofan til Eyvindarár."

Þeir fóru þá leið því að Helgi varð að ráða hvert sinn. En er þeir koma neðan í Vallanes þá lýsti af degi. Síðan fara þeir út eftir skógum og skortir eigi fugl að veiða og veiddu þeir mart. Þeir komu út til Eyvindarár er alljóst var og tekur Gróa við þeim allvel og varð þeim einkar fegin og bað þá þar lengi að vera. Helgi játaði því. Eru þeir þar þennan dag.

Og aðra nótt fyrir dag er Helgi á fótum og vekur upp Grím bróður sinn, kvað vera veður gott að fara að rjúpum. Þeir ráðast til ferðar og ganga upp úr garði og upp hjá gerði því er heitir að Uppsölum. Og er þeir koma þar þá snýr Helgi ofan á Mýrar fyrir neðan skóga og út eftir héraði.

Grímur spurði hví hann færi svo "veit eg að eigi er fuglsins von á svell eða mýrar heldur er hans von um skóga eða heiðar."

"Komið mun þar verða. Þó mun eg fara út eftir brúnum fyrir ofan Finnsstaði og fyrir utan Mýnes og út til Snæholtsskóga. Nú munum við snúa upp til Tókastaða og svo utan með fjalli og heim til dögurðar til Eyvindarár."

Hrím var fallið á ísana og var vindlítið, ágætlega gott að ganga. Og er þeir fara út eftir brúnum fyrir ofan Finnsstaði þá lýsti af degi. Þeir sáu út frá Mýnesi hvar einn stakkgarður stóð fram í vatnið Lagarfljót. Þennan stakkgarð átti Mýness-Þórir. Og nú sjá þeir að hestur stóð undir garðinum og þar með tveir menn og gerði annar hlass en annar bar út heyið.

Helgi mælti: "Menn eru þar niðri í nesinu og er eigi ólíklegt Þorgrími tordýfli það er á hlassinu er."

"Hvað mun þig undir hvort hann er eða annar maður?"

Helgi svarar: "Mér er sagt að hann hafi mælt við mig illmæli og móður mína."

Grímur mælti: "Hvað sagðir þú við móður þína á hausti að hún skyldi eigi skipta skap sitt eftir hins versta manns orðum. Láttu nú eigi það á þig falla."

Helgi svarar: "Kom, og verð eg að finna hann og vil eg vita hvort nokkuð er einurð í honum en ekki mun eg gera honum til meins."

12. kafli

Nú fara þeir ofan eftir svellunum. Auðkennd var ferð þeirra Droplaugarsona bræðra er þeir fóru úti. Hvorgi vildi ganga í spor öðrum og gengu þeir jafnfram og af því kenndist för þeirra þó að langt sæi til. En við garðinn á hlassinu var Þorgrímur tordýfill sem þeir höfðu séð en nautamaðurinn var í garðinum uppi sá er orðaskipti átti við hann.

Þorgrímur mælti þá við hann: "Menn fara þar ofan eftir brúnunum fyrir ofan Finnsstaði. Þeir fara frálega. Þykir mér líkt þeim Droplaugarsonum ofan af Arneiðarstöðum."

Húskarl svarar: "Hvað mun okkur varða hvar þeir fara? Eru þeir vaskir sveinar og meinlausir og er öngum mein að ferðum þeirra."

"Aldrei veit eg það," sagði Þorgrímur. "Get eg að þeir vilji mig finna."

"Hví mun það sæta," sagði húskarl, "eða hvað munu þeir vilja?"

Þorgrímur mælti: "Manstu ei hvað við töluðum á hausti við eldinn?"

Húskarl svarar: "Hvað mun nú undir því? Hugði eg að það mundi óvída farið hafa."

"Ekki skaltu það ætla," sagði Þorgrímur, "veit eg að þau orð eru komin upp á Arneiðarstaði til eyrna Droplaugar og sonum hennar. Er mér sagt að þau hafi beisk við orðið og hafi hún eggjað Helga á hendur mér. Get eg að hann muni nú ætla að reka þess réttar og það get eg að eg bíði þess eigi úr stað, þessa vanréttis, og mun eg beita hestinn frá hlassinu og ríða heim í Mýnes og er eg þá hirður en eg sé glögg að þessir menn snúa hingað."

"Ekki mundi eg það gera," segir húskarl, "taktu heldur tindlur úr sleðanum og hafðu upp í garðinn og brjótum kleggjann undir fætur okkur en þeir ungir báðir og munu þeir ekki geta að gert við okkur ef við veitumst duganda."

Þorgrímur svarar: "Ekki get eg hætta megi undir fjandur þessa því að svo að eins lýst mér á þessa menn að þeim muni duga vel hendur og hjarta og munu þeir geta sótt okkur með skotum því að þeir hæfa allt það er þeir skjóta til, bæði menn og fugla" tekur nú hestinn og hleypur á bak. Hann hefir vönd í hendi og ber á tvær hliðar.

Húskarl mælti: "Illa er slíkum mönnum farið sem þú ert, mælir rán og regin við hvern mann en þeir öngvu í gegn að ganga ef eftir er leitað. Ætla eg það sannast að þú sért bæði dáðlaus og deighugaður. Hér mun eg bíða og vita hvað þeir vilja."

Þorgrímur hrökkvir hestinn og hleypir þvers upp úr nesinu. Hann víkur hestinum suður til móts við þá, bregður upp hendinni og veifar. Hann setur þá upp óp mikið og þóttist spotta þá. Helgi sér þetta og þótti illa. Steypir hann af sér feldinum og hleypur til móts við Þorgrím tordýfil. Og þegar hann þóttist í skotfæri við hann skaut hann til hans spjóti. Það leitar sér staðar og flýgur undir hönd Þorgrími og kemur út undir annarri. Fellur hann þegar dauður til jarðar. Þá tók Helgi hestinn og leiðir þangað til, lætur Þorgrím á bak. Grímur styður hann en Helgi leiðir hestinn ofan til stakkgarðsins. Þeir heilsa húskarli vel. Hann tekur því glaðlega.

Helgi mælti: "Nú höfum við drepið hér mann frá verki með þér og er nú verkið óunnið og munum við taka til að vinna með þér."

En hann svarar: "Engis þarf eg með. Tel eg eigi mér þetta harmsök því að eg get að það tali flestir menn að honum mundi þessa fyrir löngu von. Mun eg ekki vinna að ákafara þó að þetta hafi í orðið. Farið þið heim þann veg sem ykkur gegnir best."

Helgi mælti: "Þorgrímur vill vera í ferð með þér heim því að hann þykist eigi einfær."

Hann tekur reip úr sleðanum og bindur hann á bak fram við silann. Tordýfill situr nú heldur gneypur á baki. Þeir fara nú bræður heim til Eyvindarár en húskarl gerir hlasið og vinnur slík er hann vill. En síðan fór hann heim, ekur hlassinu að vindauganu og ber inn og eftir það gefur hann hestinum og brynnir en Þorgrímur situr á bak á meðan. Og er húskarl hefir dvalið daginn sem hann vill þá gengur hann inn er hann hefir mokað fjós og dregið á völl en Þorgrímur sat á baki einart meðan. Þórir bóndi var þá undir borð kominn og var þá nær hádegi. Hann segir þá Þóri tíðindin. Þórir spurði því hann hefði svo lengi dvalið.

Hann segir að hann ætti mikið að gera "en mér þótti lítils um vert þó að skítfluglinn væri drepinn."

Þórir sprettur þá undan borðum og kveður tvo menn til farar með sér og lætur söðla hesta.

Droplaugarsynir komu heim til Eyvindarár og sögðu Gróu þessi tíðindi.

Gróa kvað það vel orðið "en þó þykir mér þú frændi snemma taka til manndrápanna."

Þetta víg kalla menn Helga fyrst hafa vegið. Gróa bað þá skamma stund dveljast "þið skuluð ríða nú heim á Arneiðarstaði" - þeir stíga þá á bak Inni-Krák - "því að eg get að Þórir komi hér í dag að vitja ykkar. Munum við semja mál með okkur en þið farið nú vel."

Þeir koma heim á Arneiðarstaði og er móðir þeirra þá í kátara lagi. Hún heilsar þeim vel og spurði tíðinda. Þeir segja alls engin.

"Hvað er í veiðum síðan þið fóruð heiman?"

Helgi svarar: "Smátt er í veiðum móðir, veiddi eg tordýfil einn."

Hún svarar: "Það er lítil veiður því að það er lítill fugl en njóttu heill handa því að þann einn muntu veitt hafa að mér mun mikil aufúsa á vera."

En miklu var hún nú fleiri til sveinanna en áður.

Þórir ríður nú heiman með féлага sína og kemur til Eyvindarár og drepur þar á dyr og bað Gróu til hurðar ganga. Hún gerir svo og heilsar þeim vel. Þórir tekur því heldur seint og spurði að Droplaugarsonum.

Hún segir þá eigi þar vera "en þó er sem þeir séu hér. Það sem til tíðinda er orðið í ferð þeirra þá vil eg taka máli fyrir þá. Gerðu fé svo mikið sem þú vilt en eg mun bæta, því að oss þykir lítils vert eins þræls dráp heldur en það fari í manna munna. En við höfum átt venskap saman góðan síðan eg kom hingað til lands. Ætla eg að enn skyldi svo vera. Er þetta eigi stærra mál en svo að við megum þetta vel semja."

Þórir segir það vel mega "því að marga hluti hefur þú vel til mín gert og ráð sjálf fyrir þessum bótum."

Gróa gekk þá inn og kom út með svo mikið fé sem vant er að bæta þræla. Hún gaf Þóri fingurgull og bað sveinunum virkta. Þótti henni sér veittur venskapur ef hann héldi sátt við sveinana. Þórir kvað svo vera skyldu sem hún beiddi. Reið hann heim við svo búíð.

13. kafli

Maður er nefndur Nollar. Hann bjó á þeim bæ er heitir á Nollarsstöðum. Það er hið næsta Arneiðarstöðum. Nollar átti fé lítið en mikla ómegð og hafði það mest til atvinnu er hann leigði. Hann var verkmaður mikill, svartur maður, manna mestur, kvittinn var hann, illorður og óvinsæll, og í öllu var hann óþokkamaður. Hann var bróðir Þorgríms tordýfils. Í öngvu var Nollar vinsælli. Hann spurði tíðindi þessi er gerst höfðu í héraðinu. Hann gerði för sína og fer um nótt til Mjóvaness og finnur Helga Ásbjarnarson og biður hann taka við málinu.

Helgi svarar því óbrátt, kvað ekki mart milli þeirra Droplaugarsona, sagðist ekki hirða að þeim yrði slíkt til "þykir mér sem Þórir eigi málið. Mun hann gera þér nokkurn sóma en þú ert nábuí þeirra bræðra og munu þeir vera þér ásjámenn."

Nollar svarar: "Því fór eg á þinn fund að þú ert vor höfðingi. Þykir mér þú skyldastur til að losa vandræði manna í héraðinu þó að eigi falli jafnstórt til sem nú er orðið en ella er ekki skot til þín."

Helgi mælti: "Farðu á burt og vil eg ekki veita þér þína bæn því að mér þykir menn vel til valdir þó að þið séuð bræður að þungt fái af."

Nollar fer á burt og þykir sín fór ill orðin og segir Helga því oft lítinn hlut mundu hafa fyrir Droplaugarsonum "ef þeim skal aldrei refsa sín ókynni."

Nollar leggur á þá bræður mikinn óþokka. Þeir létu sem þeir vissu það eigi.

Þorbjörn hét maður. Hann bjó á Skeggjastöðum. Það er út hið næsta Nollarsstöðum en suður frá Ási. Hann hafði verið kvongaður en þá var hún önduð. Hann átti dóttir eina er Helga hét. Hún var væn og vitur. Þorbjörn var vel fjáreigandi, vinsæll maður og góður bóndi og þá við aldur.

Bessi hinn spaki var vin Þorbjarnar og þá oft heimboð að honum og gjafir en Bessi hafði gefið Helgu marga góða gripi og var það orð á að honum þætti sjá kona betri en aðrar síðan hans kona var önduð. En á þeim misserum var það mælt að Helgi Droplaugarson legði þangað komur sínar til Helgu Þorbjarnardóttir og ekki var það kallað henni um þveran hug sem raun bar nokkuð á því að þá er þeir bræður höfðu tvær nætur heima verið þá tekur Helgi Inni-Krák og beitti fyrir sleða. Hann lætur koma húð í sleðann og kvaddi Grím til ferðar með sér, snúa síðan ofan á ís. Þeir fara út eftir ísinum allt fyrir Skeggjastaði, snúa til bæjar, láta þar hestinn úti í túni og kasta heyi fyrir. Þeir bræður ganga inn í stofu. Heilsar Helga þeim vel og sest Helgi niður hjá henni.

Og er þau töluðu sín á meðal þá beiddi hann að hún mundi fara ofan til Eyvindarár og vera þar um veturinn. Þessu játar hún. Og er þau töluðu þetta sín í milli þá kemur þar inn maður einn. Sá var í svörtum kufli. Þar var Nollar. Hann reikar utar og innar eftir gólfinu og lætur slúta höttinn. En þá er minnst er von hleypur hann fram og ofan eftir vellinum, svo ofan að vatni. Þar stendur steinn undir bakkanum. Þar kastar hann klæðunum og leggur upp á steininn. Síðan skýtur hann beinspýtum undir sig, hleypur síðan upp eftir vatni slíkt er fara má. Um hádegisskeið kemur hann upp á Bessastaði. Hann var í kóðsisbrókum. En svo hafði hann fljótt farið að það var með megni. Bessi heilsar honum vel og spyr hví hann færi svo mikið.

Nollar svarar: "Því, að ærin er nauðsyn og fer eg ekki síður þinna vegna en minna."

"Hvað er það?" sagði Bessi.

"Helgi fóstri þinn er kominn á Skeggjastaði út og ætlar hann að fífla Helgu Þorbjarnardóttir út til Eyvindarár og leggja hana í sæng hjá sér, en þar kemur að því sem mælt er að betra er véltum að vera en öngum að trúa því að þú hefir trúað honum sem sjálfum þér. Má það ekki í einu orði í telja hvern sóma þú hefur honum gert en hann launar því sem hann hefir nægst til, illsku og undirhyggju."

Bessi brosti að og mælti: "Hví segir þú mér þessi tíðindi heldur en öðrum mönnum?"

Nollar svarar: "Því, að eg ætlaði að þér mundi helst undir þykja og umhugað því að það er alþýðurómur að þér þyki hún betri en aðrar konur."

Bessi svarar: "Það hefur jafnt verið mátulega í hóf stillt og þó að Helga væri gefin fóstura mínum þá þætti mér þar fríð kona vel gefin hraustum manni. En þó get eg að honum þyki sér það of lágt fyrir mannvirðingar sakir. En þann einn vinskapa hefi eg átt við Helgu að hvortgi hefur spillst fyrir því. Hefi eg af því gefið henni gjafir að faðir hennar hefir gefið mér góða gripi. Nú farðu og seg öðrum þessi tíðindi þín því að eigi deyfist hugur minn við mart."

Nollar svarar: "Satt er það þó að segja að útlifað hafa nú kappar Fljótsdæla er þeir láta eitt sveinsnykri taka af sér konur þar sem þú ert svo ær fyrir henni að þú gáir einskis. Mun eg láta af að segja þér þó að eg verði vís að þú lætur sem þú vitir eigi þó að þér sé sneypa ger. Reynist þá skaplyndi yðart er eigi er við þá um að eiga er yður þykir dælt við. Er og því síður dáð í yður er meir er á yður leitað."

Bessi svarar: "Það veit eg að þér mun fara sem Þorgrími bróður þínum að þú mælir til óhelgi þér ef þú nytir þér eigi betri manna við."

Bessi sprettur þá upp, kvaddi menn til ferðar með sér. Þeir taka hesta Bessa tvo og leggja á söðla. Ríður Bessi og annar maður með honum en tveir ganga hjá. Nollar var hinn fimmti. Þeir fara út eftir ísum. Færð var góð og allkalt og strauk mjög við.

Þau Helgi og Helga sátu á tali mjög til annars litar.

Þá bað Helgi að hún mundi búast "því að langt er út til Eyvindarár en eg vil eigi koma þar um nótt."

Helga litadist þá um: "Hvort var ekki Nollar hér í morgun á gólfi um hríð?"

Helgi mælti: "Það ætla eg víst að hann væri hér og skjótt hefur hann nú burt horfið."

"Kynlegt þykir mér ef hann þykist eigi vís orðinn nokkra tíðinda. Mun eg hvergi fara daglangt því að eg get hann þangað njósnir farið hafa að mér þætti vel að hann yrði lygimaður af."

Helgi svarar: "Gerðu sem þú vilt en það segi eg þér sem eg mun efna að eigi fer eg eftir þér annan dag."

Helga svarar: "Vel er þó þú ráðir því en hvergi fer eg að sinni."

Helgi gengur þá út og sest í sleða en Grímur fer á bak. Fara þeir nú út eftir ísum. Nú sjá þeir bræður að menn fara sunnan eftir vatni fyrir Nollarsstöðum. Þeir kenna nú mennina.

Nú tekur Nollar til orða: "Bessi, nú máttu sjá hvort eg hefi nokkuð logið til. Þar fara þau nú út eftir ísunum frá Skeggjastöðum. Ríður Grímur fyrir en þau Helga sitja í sleða. Er nú svo að eg tek að þreytast. Vildi eg að þú leyfðir mér að fara heim því að eg á mart að gera en eg er einn til."

Bessi svarar: "Farðu hvert er þú vilt. Ætla eg sjaldan að kveðja þig til ferðar með mér og óþökk skaltu af mér hafa fyrir þessa ferð."

Nollar snýr nú heim til bæjar síns en þeir Bessi fara út eftir ísum mikið tölt.

Þeir bræður fara út undan. Fara hvorutveggju með hinu vestra landinu uns þeir koma fyrir nes það er gengur vestan í Lagarfljót og heitir Meðalnes.

Utan í nesinu stendur bær er heitir á Hreiðarsstöðum. Þar er nú sauðahús. Þar bjó sá maður er Hreiðar hét. Hann var landnámsmaður og vinur mikill Bessa og Droplaugarsona. Hreiðar var hinn besti bóndi og hinn vænsti maður. Heldur var hann nú við aldur og hafði þar búíð langa ævi.

Fyrir nesið voru allt vakar. Þar brynnti hirðir nautum sínum. Og er þeir bræður komu að vökinni þá segir Helgi að þeir mundu brynna hesti sínum því að honum var heitt. Þá var mjög hálförökkvið. Þeir gera svo. Þá mælti Helgi að þeir munu hlaupa upp í skóginn. Þeir bregða hnífum sínum og kvista viðinn. Helgi benti og gerir sýlt í neðan. Þá bindur Helgi á bak hestinum fram við silann og niður undir kvið. Hríslu bindur hann í tagl og leggur upp tauma og mælti að hann skuli fara ofan til Eyvindarár. Hríslunni hrökkvir um kríka hestinum og hleypur hann því harðara ofan eftir ísunum. Þeir bræður hlaupa upp í skóginn. Helgi brýtur sér völu tvær og gerir kvistlausar. Hann hefur þetta í hendi sér.

Nú koma þeir Bessi að vökunum. Og er þeir koma sunnan fyrir nesið þá taka til orða húskarlar Bessa: "Ei veit eg hverju sá hælir er þessa menn segir hughvata þar er þeir renna undan þeim manni er þeim hefur bestur verið alla ævi. Nú ætlum vér aldrei dáð í þessum mönnum."

Bessi mælti: "Þetta er mikil heimska er þið mælið. Get eg heldur að hinn veg beri raun á að þeir verði fám líkir um hríð. Nú vil eg að þið farið heim á bæinn á Hreiðarsstöðum en eg mun ríða eftir þeim bræðrum við annan mann því að eg vænti þess að sá einn verði fundur vor og þeirra bræðra að eg mun ekki mann fjölda við þurfa því að hér hafa hvorugir heiftarhug á öðrum. En þið bíðið mín hér meðan til þess eg kem hér á morgun."

Húskarlar verða þessu fegnir og taka við klæðum sínum, ganga til húss og hlæja allmjög og kváðust aldrei þvílíka menn hafa séð sem þessir eru "er hleypa undan því meira sem meir líður á daginn."

Bessi hrökkvir hestinn út eftir vatninu. Húskarlar gengu að vökunum og lögðust að niður og drukku er þeim var heitt orðið við gönguna, lögðu vopnin niður á fötin þau er þeir höfðu um daginn. Þeir voru í stakki og brókum.

Þá mælti Helgi við Grím bróður sinn: "Hlaupum við nú ofan að þeim og tökum þá og veitum þeim harmkvæli nokkur. Þeir hafa okkur mjög gappað."

Grímur svarar: "Aldrei geri eg það því við eigum öngum manni betur að launa sem Bessa. Hefur hann okkur metið umfram alla menn aðra."

"Svo skal vera," segir Helgi. "Hans skal að njóta því að hann er vinur minn en hafa skulu þeir nú erindi ellegar en munum svo fyrir sjá að þá saki ekki til lengdar. En vita skulu þeir að við eigum alls kosti við þá."

Nú varð svo að vera sem Helgi vildi. Þeir hlaupa ofan á ísinn. Tekur sinn mann hvor þeirra bræðra. Grímur fékk ekki að þeim gert er hann tók annað en það er hann hélt honum undir sér. Helgi veitir þeim umbúð er hann vélar um svo að hann snarar saman hendur á víxl á kviðnum en hneppir höfuðið aftur á meðal fótanna, skýtur völnum í knésfæturnar, nemur þá við hnakkabeininu. Nú fer hann til með Grími og býr um svo sem hinn fyrri, breiða yfir þá klæðin og ganga svo til bæjar á Hreiðarsstöðum,

drepa þar á dyr og biðja Hreiðar út ganga. Hann gerir svo og heilsar þeim vel, býður þeim þar að vera.

"Oft er þess kostur," sagði Helgi, "en við fórum jafnan síð og skulum við heim í kvöld en þó þykist eg enn við þurfa því glófar mínir liggja niður við nautabrunna en nú gengur til hafs og þykir mér dríflegt. Vildi eg að þú tækir upp í kvöld og hafir heim með þér þá er þú brynnir nautum þínum."

Hreiðar var sá einn maður að hann háttaði aldrei fyrr en þriðjungur var af nótt en lá allt til hádegis. Hreiðar gekk inn en þeir bræður gengu suður til Hofs og svo fyrir neðan Skeggjastaði. Þá gerir á veður og tekur að drífa og nú gerir á hið mesta illviður.

Þá snýr Helgi til bæjar á Nollarsstöðum "vil eg ganga með bæjum en eigi eftir ísum því að mér þykir villufært."

Helgi drepur þar á dyr. Þá var liðið dagsetur. Nollar rís upp úr rekkju sinni og steypir á sig stakki og gengur til hurðar og þegar hann lýkur upp hurðinni þá þrífur Helgi í hönd honum og kippir út í illviðrið. Grímur tekur í aðra hönd honum og leiða hann að viðkestinum, fletta stakkinum fram yfir höfuðið. Grímur stendur á fyrir framan höfuðið en Helgi hnykkir einum sviga úr kestinum og hýðir Nollar svo að hvergi var heil húð hans milli hæls og hnakka.

Þá létu þeir hann standa upp og báðu hann fara burt frá þeim "skaltu hafa þetta fyrir hlaup þitt og bið svo verra."

Þeir fara og snúa nú heimleiðis, koma svo heim er mikið var af nótt. Tekur Droplaug við þeim báðum höndum sem hún var jafnan vön.

Bessi reið um kvöldið til þess er hann kom til Eyvindarár. Nokkru fyrri kom Inni-Krákur. En í þessu kom griðkona úr fjósi og sagði Gróa að Inni-Krákur var kominn heim með undarlegan búning. Gróa gengur út og húskarlar með henni og taka Inni-Krák og beita frá sleðanum, brynna og gefur honum. Síðan leysir hann úr sleðanum rekendina. Þá kemur Bessi í tún. Gróa fagnar honum með blíðu. Bessi þekktist það og spurði hvort þeir væru þar komnir frændur hennar.

Hún segir að það væri eigi "eða hversu stenst af um ferðir þínar?"

Bessi segir alla sögu sem farið hefir. Bessi var þar um nóttina. Veitir Gróa þeim allalvarlega. Gróa biður þeim virkta við og mælti að hann skuli veita þeim vinskáp. Bessi segir að svo skuli vera.

Hreiðar sat við fornsögu til þess er liðið var dagsetur. Þá fór hann út og gaf nautum sínum. Eftir það rekur hann þau til brunns. Honum kemur þá í hug hvað Helgi hafði mælt við hann, snýr að vatninu og að vökunum, finnur eigi glófana, sér þar bandhnútu þessa er þar lágu. Leysir hann þá. Eru þeir svo stírðir sem stokkar. Fer Hreiðar heim eftir eyk og ekur þeim heim til bæjar. Hann hjúkar þeim við og hressast þeir vel. Þar voru þeir nóttina.

Og um morguninn býst Bessi heim frá Eyvindará. Gróa gaf honum fingurgull og seilamöttul og mælti til fullkominnar vináttu við Bessa. Ríður hann þar til er hann kemur á Hreiðarsstaði. Hreiðar tók við Bessa forkunnar vel. Sögðu húskarlar hans sínar eigi sléttar.

Bessi hló mjög að, kvað gleðibrögð vera ungra manna "en er víst að þeir hafa sýnt það að þeir hafa alls kosti átt við ykkur en látið mín að njóta er þeir hafa eigi meira að gert við ykkur því að ærnar sakir gerðuð þið til þó að þeir hefðu drepit ykkur. Nú skuluð þið láta vera kyrrt."

"Svo munum við gera," sögðu þeir, fara heim eftir það, fara upp eftir ísunum þar til er þeir koma fyrir Nollarsstaði. Þar sjá þeir Nollar sitja á hyrnishrúku sem hundur og er allhlámáll. Hann biður Bessa að hann mundi rétta málið, slíkar hrakningar sem hann hefur fengið.

Bessi kvað það maklegt þó að hann hefði nokkurt bráðræði fengið "en þó má eg eftir leita þó að þú sért ómaklegur."

Nollar dragnar heim en Bessi ríður þar til er hann kemur á Arneiðarstaði. Þá var í annan lit. Þeir Droplaugarsynir voru í túninu úti og buðu honum þar að liggja og urðu fegnir fóstra sínum er hann var þar kominn. Bessi þekktist það og var hann þar um nóttina. En um morguninn þá ræða þeir margt og flest um þessa hluti er hann hafði farið eftir þeim bræðrum.

"En eg hefi af því gert ferð mína eftir ykkur að eg vil að þið varist það sem eg mun segja ykkur að þið látið eigi vonda menn komast í milli ykkar og mín því að þið munuð ekki þess til taka að eg muni ykkur af hendi gefa meðan þið veitið eigi mér ágang eða Ormsteini syni mínum. En ef ykkur greinir á þá mun eg í jafnan stað leggja. Mun eg með ykkur við hvern sem þið eigið í héraðinu aðra. En við konu þá er þú hefur lagt tal þitt við þá gerðu fyrir mínar sakir. Grandalaust hefir verið okkart vinfengi. Mun eg allt að einu halda vinskap við þau á Skeggjastöðum þó þér gerið af yðru ráði þvílíkt sem yður líkar."

Helgi svarar: "Ei veit eg að þar þurfi um að vanda héðan í frá."

Bessi mælti: "Það vildi eg að þið fenguð Nollar kvikindi nokkurt fyrir sitt harðrétti er þið hafið honum veitt þó að hann hefði maklegleika til."

Helgi segir að það skuli víst gera fyrir hans orð. Bessi býst heim við sína menn. Helgi gaf Bessa uxa tvo, fimm vetra gamla, gráir báðir, og stóðhest rauðan og var kallaður Heiðarauður og með merar þrjár. Hvorum þeirra húskarla Bessa er þeir höfðu hneppt við vakirnar gaf Helgi, öðrum sverð en öðrum öxi. Skildust þeir vinir. Fór Bessi heim en þeir bræður sátu heima um hríð. Helgi leitar aldrei á þá konu oft og öngva aðra svo að menn viti. Er það og alþýðu manna sögn að Helgi hafi öngva konu elskað svo að menn viti.

14. kafli

Þess er getið eitt sumar að skip kom af hafi í Gautavík í Berufirði. Skipi þessu fylgdu þrænskir menn og vistuðust hér um veturinn.

Á því sama vori eftir vetur aflíðinn beiddi Þiðrandi Geitisson fóstra sinn fararefna: "Vil eg kynna mér siðu annarra manna."

Hróar svarar: "Það þykir mér mikið ef þú vilt fara af landi í burt því að eg gerist mjög hrumur af elli og veit eg eigi hvort þú kemur aftur. En allt að einu þá skal eg sæma þig að því sem eg hefi föng á. En biðja vil eg að þú komir sem fyrst aftur. En þú munt ráða."

Hróar Tungugoði fékk Þiðranda mikið fé. Honum þótti mikið er þeir skildu og öllum þótti mikil hans fráför. Réðst Þiðrandi til ferðar og fer suður yfir heiði, ræður sig í skip, fer utan um sumarið. Þeim byrjaði vel og skjótt. Þeir komu skipinu í Þrándheim í Niðarós. Þá réð Hákon hinn ríki fyrir Noregi. Hann hafði aðsetu að Hlöðum. Þá sýndist hverja menning Þiðrandi hafði hlotið því að öllum mönnum fundust orð um að eigi hefði þvílíkur maður komið í manna minnum sem Þiðrandi var. Hann fer á fund Hákonar jarls. Jarl tók við honum vel og setti hann í háseti hjá sér og veitir honum af mikilli blíðu um veturinn. Hann virti öngvan sinna manna jafnan Þiðranda. Þeir töluðu löngum. Þiðrandi sýndi slíkt af sér að unni honum hver maður hugástum. En er vor kom þá beiddi Þiðrandi sér fararleyfis út til

Íslands.

Jarl spurði hví hann vildi svo litla stund dvelja við þar "því að eg ann þér hér allvel vistar. Hefur hér enginn sá maður komið að mér þyki svo mikil eftirsjá að sem um þig ef þú ferð á burt."

"Vel hefur þú til mín gert þessa stund en þó má eg eigi nýta að vera hér lengur því að eg ann móður minni svo mikið að eg hlýt að fara nú fyrst. Má yður það segja því að eru þar enn þeir menn að létu sem best þætti að eg kæmi fyrr aftur en síðar."

Jarl svarar: "Svo skal nú vera."

Þiðrandi kaupir sér skip og lætur í koma mikið fé. Hann þiggur af jarli góðar gjafir. Eftir það láta þeir úr landfestum og sigla í haf. Það hafa margir menn fyrir satt að Þiðrandi hafi ónýtt skaplyndi jarls fyrir sumar greinir og vildi af því eigi lengur vera með honum.

Þiðrandi fékk það sumar góða byri og kom skipi sínu í Skálavík í Vopnafirði og bar af skipinu og flutti heim varninginn. Eftir það býr hann um skipið og setur upp. Hann fór heim í Krossavík. Þar var tekið við honum forkunnar vel og með allri blíðu. Verður þar og fagnafundur mikill með þeim Þiðranda og Hróari.

Hann er þar fáar nætur áður en Hróar lýsir því að hann vill að Þiðrandi fari austur með honum til eigna sinna og ríkis "því að eg má eigi annað en vera ásamt við Þiðranda, svo ann eg honum mikið, og hver stund þykir mér löng ef hann er eigi hjá mér."

Þiðrandi segir að það skuli þegar vera er hann vildi "því að eg vil þess njóta meðan kostur er."

Býr Þiðrandi ferð sína, fer með Hróari austur til Hofs í Hróarstungu. Urðu frændur hans honum fegnir þar sem þeir komu í Vopnafirði. Allir frændur Þiðranda sýndu á sér mikinn feginsþokka er hann var aftur kominn með virðingu.

Ketill þrymur sendi orð Þiðranda systursyni sínum að hann skuli koma í Njarðvík til heimboðs og segir að hann skuli eigi til einskis fara "því að hann er sá einn minna frænda að mér er mest aufúsa að eiga mart við og gott."

Þiðrandi heitir ferðinni er á liði sumarið og heyverkum er lokið en kvaðst eigi tóm eiga að því að hann hafði fyrr heitið öðrum. Ketill segir að Þiðranda færi vel.

15. kafli

Maður hét Ásbjörn. Hann var sunnlenskur og þá nýkominn í Fljótsdalshérað. Hann var fæðingi suður í Flóa. Hann fór þaðan austur á Rangárvöllu, þá austur á Síðu og léttir eigi fyrr en hann kemur austur í Fljótsdal. Hann tekur sér þar vist. Ásbjörn var mikill maður vexti, dökkur á hárslit, ljótur í andliti og heldur óþokkulegur. Þó slægði marga menn til að taka við honum því að hann var garðlagsmaður svo mikill að enginn lagði lag við hann. Ásbjörn átti viðnefni og var kallaður vegghamar. Ásbjörn hafði verið fimm vetur í Fljótsdalshéraði er þetta varð til tíðinda og hafði lagið garða um tún manna og svo merkigarða. Ásbjörn var svo mikill meistari á garðlag að það er til marks að þeir garðar standa enn í Austfjörðum er hann hefur reista.

Þorbjörn hét maður. Hann var kallaður kórekur. Hann bjó á þeim bæ í Fljótsdalshéraði er heitir á Kóreksstöðum fyrir austan Lagarfljót. Það er í Útmanasveit við hin eystri fjöll. Þorbjörn átti sér konu. Hún var skyld þeim Njarðvíkingum. Hann átti tvo sonu. Hét annar Gunnsteinn en Þorkell hinn yngri. Þorkell var þá átján vetra en Gunnsteinn hafði tvo vetur um tvítugt. Þeir voru báðir miklir menn og

sterkir og allvasklegir. En Þorbjörn var nú gamlaður mjög. Hafði Ásbjörn vegghamar verið þar tvo vetur og grætt fé nokkuð en á hinum þriðja vetri gerir hann bú því að hann átti óléttu konu. Átti hann áður nokkur börn. Hann leigir land þar fyrir utan læk það er nú heitir á Hlaupandastöðum en þá að Sauðlæk. Hann var þar ein misseri. Honum varð illt til fjár og varð óhægt búið.

Á þessu sumri gerir Ásbjörn vegghamar heimanferð sína út í Njarðvík á fund Ketils og það að hann mundi taka við honum til húskarls. Ketill spyr hví hann vill eigi búa lengur. Honum kvað þykja óefnilegt að búa við óhægindi mikil.

Ketill svarar: "Of liðmargur þykir mér þú vera."

Ásbjörn kvaðst ekki fleirum leita vistar en sér einum, lést annað mundu sjá fyrir liði sínu. Ketill spyr hvað hann ætlar að sjá fyrir liðinu.

Hann kvaðst ætla að hlaupa burt frá "og hingað til þín því að eg ætla að mér sé lítill ágangur veittur fyrir ríki þínu. Mun eg konuna láta kjalast við börnin."

Ketill svarar: "Það hafði eg oft ætlað að taka við þér. Mun eg gera þér á kost. Þú skalt gera garð ofan úr fjalli undan hömrum og út í sjó. Þetta skaltu vinna til tveggja missera vistar."

Ásbjörn kvaðst ætla að hann mundi þetta fá fullvel unnið "munum við þessu kaupa en þú skalt sitja fyrir að eigi sé fylgt á hann."

Ketill játar þessu. Síðan gerir hann ferð sína upp yfir heiði, fer eftir rekkjuklæðum sínum en þar hleypur hann frá liðinu og skyldi af því heita á Hlaupandastöðum. Þá tóku þeir á Kóreksstöðum við ómegð hans en misstu landsleigu sinnar við hann og sátu fyrir öllum vandkvæðum.

Ásbjörn tekur til garðlags út í Njarðvík ofan úr fjalli. Hann vinnur mikil verk á um sumarið en ekki hefur hann venjbrigði í skapsmunum því að öllum líkaði illa við hann nema Katli einum.

16. kafli

Á sjöundu viku sumars býr Þiðrandi heimanferð sína. Hann ríður við hinn sjöunda mann út með Lagarfljóti og ofan eftir Hróarstungu og þar yfir fljótið er heitir að Bakkavaði, ríða út eftir héraði og koma um kvöldið á Kóreksstaði til Þorbjarnar. Þorbjörn gekk á móti þeim Þiðranda og synir hans með mikilli blíðu og bauð honum þar að vera svo lengi sem hann vildi. Hann var þar þessa nótt og gera þeir til hans ágæta vel. Þeir bræður báðu Þiðranda að hann mundi vilja fara út til Njarðvíkur og biðja Ketil að hann léti lausan Ásbjörn en gyldi þó sumarkaup eða ella tæki hann við liði sínu.

Þiðrandi kvaðst skyldur að leggja orð til "en eigi nenni eg að ríðast í meira þar er Ketill frændi minn er til annarrar handar."

Þeir segja að þeim þætti það vorkunn.

Eftir nóttina afliðna búast þeir til ferðar tuttugu saman. Þeir ríða út yfir Ós og ofan í heiði þar er heitir Gönguskarð í víkinni. Var þá miður aftann er þeir komu í víkina. Þá var fátt manna heima. Þá var eigi lokið heyverkum en þar var heyland mikið. Var mannfólk á verknaði en Ketill var einn heima karlmanna og konur nokkrar. Ketill sat í skála.

Nú var sagt í þann mund kæmi að honum skjálfti, sem jafnan var vant, að hann hrökk af fótum upp svo að gnötraði í honum hver tönn. Honum var og sá hrollur sem vatni væri ausið milli skinns og hörunds. Þá mælti hann við konu eina að gera skyldi eld fyrir honum og vildi hann bakast. Hann kastaði undir

sig gæru einni. Ketill bakast við eldinn.

En Þiðrandi og hans menn ríða ofan eftir víkinni. Og er þeir koma á víkina mjög að bænum þá sjá þeir að maður var upp í hlíðinni að garðlagi. Hann var í grám kyrtli. Hann hafði hneppt upp blöðunum á axlir en lykkjurnar héngu niður að hliðunum og í hvítum torfstakki yfir utan. Hann hafði drepð á höfuð sér hött. Þeir kenna þennan mann að þar var Ásbjörn vegghamar. Hann kveður þá ekki. Þeir ríða svo ofan með garðinum. Mæltu hvorugir við aðra.

Þá ríður Gunnsteinn Kóreksson ofan að Þiðranda og mælti: "Allvænlega lætur sjá maður. Muntu leyfa mér að eg taki geirnagla úr spjóti mínu og taki af spjótið af skaftinu og skjóti til hans og viti hversu hann verður við."

Þiðrandi mælti: "Gerðu það eigi því að það er fornt mál að oft hlýst illt af illum og vil eg eigi að þú eigir við hann."

Þá snýr hann í halaferðina og af götunni. Þá tekur hann úr geirnaglann úr spjótinu og skaut til hans með hlátri miklum. En er Ásbjörn sér að spjótið fer að honum þá hleypur hann upp við. Skotið kom í kyrtilsblaðið og í lykkjuna og svo út í blautan garðinn og svo að hann fellur út af garðinum. Hann sprettur upp skjótt og tekur spjótið og kastar niður en hann hleypur upp á garðinn og þegar inn yfir. Hann tekur þegar skeið heim til bæjar. En þegar er hann kemur í túnið þá hleypur hann í eldaskálann þar er Ketill bakast. Hann kastar sér upp í sætið gegnt eldinum. Ketill spyr hvað honum væri.

Hann svarar: "Vant er að vita hverjum vér skulum fagna. Ætlaði eg á vori er eg réðist hingað að eg mundi eigi barður til meiðinga eða með öllu til bana. Eru þeir komnir hér Kórekssynir. Hefir Gunnsteinn skotið spjóti undir hönd mér og kom út undir annarri. Nú ætlaði eg að eg mundi hafa heimsótt höfðingja er þér eruð. En eg sé að enginn er í þér dugur að þér rekið aldregi vorra harma þó að oss séu skammir gervar."

Ásbjörn hafði hátt raddarlag og sárlegt andarlag.

Ketill hleypur upp við bræði mikla. Hann þrífur ullskyrta sína og kemst í en áður í brókum leistalausum. Voru ilbönd undir neðan. Ei höfðu menn þá línbrækur í það mund. Ketill gengur þá þegjandi utar eftir eldhúsinu svo að alla vega hrauð eldurinn um hann. Hann gengur utar til lokrekkju þeirrar er hann var vanur að sofa, tekur ofan hjálm og setur á höfuð sér og sverð í hönd sér, setur skjöld fyrir sig.

Eftir það snýr hann út með brugðið sverðið en kastar eftir umgjörðinni. En í því er hann kom í tún þá ríður Þiðrandi í túnið og hans menn. Ketill snýr þegar að Þiðranda og höggur til hans með sverðinu. Þiðranda bar svo nær höggið að hann sá eigi ráðrúm til að skjóta fyrir sig skildinum. Hann hneppir sig aftur úr söðlinum og kemur standandi niður. En Ketill stöðvar ekki höggið að heldur. Þá ríðu menn mjög í standsöðlum smeltum. Ketill höggur um endilangan söðulinn og tekur í sundur bogana báða og hestinn undir söðlinum. Ketill höggur þegar annað sinn til Þiðranda. Hann kemur þá skildi fyrir sig. Ketill klýfur þá skjöldinn fyrir utan mundriða svo að sverðið nam í vellinum stað.

Konur þær er á bænum voru hlupu út þangað er menn voru á verki. Annar bær stóð þá í víkinni sá er að Virkihúsum heitir. Þangað hlupu sumar konur því að þar voru enn karlar nokkrir. Fóru þeir þangað. Þeir urðu alls tuttugu menn.

Þiðrandi mælti við menn sína að enginn skyldi bera vopn á Ketil "en ef nokkur gerir öðruvísu en eg mæli fyrir þá mun eg bera vopn á hann þó að hann sé af mínum mönnum."

Eftir þetta biður Þiðrandi Ketil frænda sinn allra samninga "hef eg hér aðrar viðtökur en eg hugði til og ef nokkuð er það í orðið vorum ferðum að yður þykir málþarfa þá vil eg bótum upp halda svo að þér þyki sæmd í. Nú með því að þú vilt einskis mín orð meta þá láttu mig njóta móður minnar en systur þinnar og er meiri ábyrgðarhlutur að halda þessu fram sem nú hefur þú upp tekið."

Ketill þegir við ávallt en Þiðrandi biður hann vægðar einart. Ketill lætur sem enginn væri annar, en Ketill sækir hann í ákafa.

Þiðrandi mælti: "Hví er nú eigi vel að nú vinni maður það er má annað? En enginn maður skal bera vopn á Ketil því að hann mun sefast brátt. En eigi bið eg að þér drepið menn hans."

Sem þeir mega þá gera þeir svo. Þá hörfa þeir suður eftir túninu. Tekur nú að líða aftanin mjög og lægir sólina en hross þeirra voru hér og hvar því að þar hleypur hver af hestum sínum sem kominn var. Þá ber suður eftir vellinum, allt til þess er þeir koma að læk þeim er fellur fyrir utan garð þann sem liggur fyrir neðan hlaðið. Þá stingur Þiðrandi fram blóðreflinum og hleypur öfugur yfir lækinn. Þá var höggvinn af Þiðranda skjöldurinn allur svo að enginn spónn var eftir nema það er mundriðanum fylgdi. Í þessu höggur Ketill til Þiðranda og kemur á öxlina hægri og leysir frá herðarblaðið svo að sá inn í lungun. Þiðrandi hljóp þá ofan yfir lækinn, tekur sverðið hinni vinstri hendi og höggur til Ketils og í gegnum hann. Ketill fellur þá dauður til jarðar en Þiðrandi gengur suður yfir lækinn og að þúfu þeirri er stendur fyrir neðan götuna er nú heitir Þiðrandapúfa. Hann sest þar niður. Þá stóð ekki fleiri manna upp en þeir Kórekssynir, Þorkell og Gunnsteinn. Allir voru fallnir aðrir menn Þiðranda. Þeir Kórekssynir settust þá niður hjá honum á sína hönd hvor. Þeir voru þá móðir mjög. Menn Ketils styrmdu yfir honum og huldu hræ hans. Eftir það gengu þeir heim vígmóðir og þó margir sárir.

Nú tekur Þiðrandi til orða: "Svo jafnt Gunnsteinn, hversu þykir þér að fara? Hvað mun nú tjá að lasta það er orðið er? En farið hefur betur að hér megið þér sjá nú hversu einræðið kann að gefast en ekki tjáir nú að ávita þig. En hvað hefir þú séð til Ásbjarnar félaga þíns um aftan?"

Gunnsteinn svarar: "Átt hefi eg annað verkefni en hyggja að þeim skelmi."

"Ekki er mér það þó. Eg hefi ekki svo annríkt átt að eg hafi eigi augu til sent hvað hann hefur að hafst. Þegar í kvöld er Ketill gekk út og menn drifu að honum þá kom Ásbjörn út og hafði hönd fyrir auga og skyggndi til hversu færi á milli vor. En nú hefur hann farið eftir hermannlega og það hygg eg nú að hann sé hér nú í vellinum fyrir utan lækinn og ætla eg að hann fletti mannnáinn einn."

Gunnsteinn sér nú hvar hann er og hleypur út yfir lækinn. Hann hafði sverð í hendi og höggur á hrygginn og tekur hann í sundur í miðju. Eftir þetta gengur hann til sætis síns.

Kona ein gengur út um kvöldið. Það var griðkona.

17. kafli

Gunnar hét maður. Hann var á vist með Katli. Hann var Austmaður og hafði komið út um sumarið. Hann var háleyskur maður að ætt, mikill maður og víglegur, ungur að aldri og allvel menntur. Hann sat í útibúri fyrir ofan hús. Þar var inni varningur hans. Ekki hafði hann verið við fund þennan og ekki hafði hann vitað til að styrjöld sjá hafði verið. Konan hleypur til búrsins. Þetta var vinnukona hans. Gunnar sat í dyrum útibúrsins og fiðraði örvar.

Hún tekur til orða: "Satt er það er mælt er að eigi má mann sjá, hver hvergi er. Mundi Ketill eigi það ætla að hausti er hann bauð þér hingað að honum mundi enginn brautargangur að þér verða ef hann þyrfti nokkurs við. En þú ert mannfýla því meiri er þú liggur inni kyrr sem hundur á hvelpum þar sem húsbóndi þinn er lagður við velli og margir hans menn. Er hér kominn ófriðargangur og hafa þeir

vegið Ketil."

Gunnar hljóp upp við þessa tíðindasögu og þrífur boga í hönd sér, leggur ör á streng er hann hafði nýgert.

Hann gengur þá út og mælti: "Hvort eru þessir menn á burt farnir frá óverkum sínum er þetta hafa gert?"

Hún svarar: "Eigi er það."

"Hvar eru þeir nú þá?" segir hann.

"Þar eru þeir er eftir lifa fyrir sunnan lækinn á vellinum."

Gunnar mælti: "Hvar er hann Þiðrandi? Eg vildi hann sjá."

"Það ætla eg," sagði hún, "að hann sitji á fuglþúfu milli þeirra bræðra Kórekssona."

Gunnar bendir nú bogann og var það allt jafnskjótt að strengurinn gall heima við bæinn og Þiðrandi féll á bak aftur. Kom örin fyrir brjóst Þiðranda og út í millum herðanna. Gunnar spurði hvað manna sjá hefði verið.

Hún svarar: "Það var Þiðrandi Geitisson."

"Seg allra kvenna örmust. Eigi fékk annan mann vinsælla né betur að sér. Hefi eg þeim manni bana unnið er eg vildi síst."

Þorkell Kóreksson spurði Gunnstein bróður sinn hvort hann væri mjög sár.

Gunnsteinn kveðst hafa sár nokkur "en hvað líður þér Þorkell?"

"Ekki sár er skaðlegt á mér."

Þá mælti Þorkell: "Nú munum við eigi þurfa Þiðranda að bíða enda mun eigi ráð heim að leita til bæjarins. Eigi get eg að við náum hestum okkrum. Munum við og eigi vera mjúkir til göngu."

Þeir hvelfa skildi yfir Þiðranda þar á þúfunni, ganga síðan á burt, fara upp til götu, rétta leið upp í brekkur. Þeim fórst seint því að náttmyrkur var á mikið. Þeir gengu til þess er þeir komu að brekkum þeim er efstar voru í skarðinu. Þar var hvammur fyrir sunnan götur og heitir Kiðjahvammur. Á fellur ofan úr skarðinu og ofan í hvamm. Þar er mikill foss í. Undir fossinum er hellir mikill. Í þeim helli eru menn oft á haustum er á fjall er gengið.

Þorkell mælti: "Förum við til hellisins því að mig gerir svo móðan að eg má eigi lengra ganga."

Þeir fara til hellisins. Er þar hlaðið grjóti fyrir framan. Gunnsteinn kastar sér niður þegar því að honum var heitt mjög. Hann verpur af sér klæðum. Þorkell sprettir af sér belti sínu. Eftir það flettir hann af sér klæðum. Þá falla út iðrin. Hann sest þá niður og lét Þorkell þar líf sitt. Við þetta hafði hann gengið allt neðan úr Njarðvík. Nú er Gunnsteinn einn eftir hjá bróður sínum dauðum. Hann var sár mjög. Gunnsteinn sá það af sínu ráði að ráðast á burt þaðan. Hann stendur þá upp og er hann ætlar þaðan til göngu þá var hann svo stíður að hann mátti hvorugan fót hræra yfir annan fram. Sest hann þá niður. Verður hann nú þar að vera þó honum þætti eigi gott.

Þorbjörn kórekur lét illa í svefni þessa nótt. En er hann vaknar þá fer hann skundandi í klæði.

Hann vekur upp smalamann og mælti að hann mundi fara sendiför hans "vil eg að þú takir hesta tvo. Vil eg að þú ríðir út til Óss og ofan í Gönguskarð til hellis þess er þér eruð vanir að hafa náttból um haustum þá er þér gangið á fjall og vit við hvað þú verður þar var. En ef þú verður við nokkur tíðindi var þá þigg eg að eg fengi."

Sauðamaður ríður ofan til Óss og ofan í Gönguskarð. Hann leitar til ferðar. En er hann kemur ofan í Kiðjahvamm, þar stígur hann af baki og gengur upp undir fossinn. Hann gengur inn í hellinn. Þá var lýst af degi. Hann spurði hvort nokkuð væri þar það sem honum mætti andsvar veita. Gunnsteinn segir til sín. Sauðamaður spyr tíðinda. Gunnsteinn segir slík sem orðin eru. Sauðamaður spyr hvort hann mundi fær með honum í burt. Gunnsteinn kvað eigi annað til þess. Hann vildi þá brátt út ganga og mátti eigi, nema hann styddist við axlir honum, öðrum fæti. Hann kemur honum í söðul og ber að honum klæði og býr um hann sem honum þótti vænlegast, ríður nú upp yfir heiði og komu heim um hádegisskeið. Þá hafði Kórekur búið laug. Tekur hann nú og fægir sár Gunnsteins og veitir honum hægindi slík sem hann mátti.

18. kafli

Þessi tíðindi spurðust brátt og þótti mörgum mikil sem var. Hróari Tungugoða féll þetta næst svo að hann leggst í rekkju af harmi og deyr af helstríði. Eftir þennan fund kemur Þorkell fullspakur heim því að hann hafði farið ofan í fjörðu eftir skreið. Hann kom þann dag heim er fundurinn hafði verið áður um nóttina. Þorkell fréttir fundinn og að fallinn er faðir hans og Þiðrandi. Haug verpir hann eftir Þiðranda frænda sinn og stendur hann þar á bakkanum ofan undan bænum. Hann færir í haug menn þá er féllu. Þorkell rak á burt Austmanninn með miklum hrakningum, kvað hann þeim mikla skömm gert hafa svo eigi mundu menn bætur bíða, drepið þann mann er aðrir væntu sér af hins mesta yndis. Gunnar hvarf nú á burt og spurðist ekki til hans.

Margir menn hörmuðu þessi tíðindi er þeir spurðu og þóttu þetta miklir atburðir, bæði Þorkell Geitisson bróðir hans og Bjarni Helgason frá Hofi í Vopnafirði því að hann var náinn frændi Þiðranda, Þórdís todda, er átti Helgi Ásbjarnarson, systir Bjarna, svo þeir bræður Þorvaldssynir Þiðrandasonar, Grímur og Helgi. Þeir voru allir í eftirleit við Gunnar austmann og vildu allir Þiðranda hefna en til þessa manns spurðist aldrei. Var það flestra manna ætlan að hann mundi hafa hlaupið til fundar við aðra Austmenn þá er sátu búðsetu þar er þeir höfðu skip uppi, í vikum milli Njarðvíkur og Borgarfjarðar fyrir handan Snotrunes. Þar sátu seyjtján Austmenn og ætluðu menn af því að hann mundi þangað vera farinn.

Líður nú á veturinn allt þar til að daga lengdi. Þá býr Þorkell Geitisson ferð sína norðan úr Krossavík með tíunda mann austur yfir heiði í hérað. Hann ríður upp eftir héraði fyrir vestan fljót allt þar til er hann kemur á Arneiðarstaði. Hann fær þar góðar viðtökur af Droplaugu og sonum hennar. Hann var þar um nóttina.

Þá biður hann þá bræður að þeir mundu fara með honum ofan til Njarðvíkur og hitta Þorkel fullspak og þaðan suður í fjörðu "vil eg vita að eg komist nokkuð á sporð um þennan mann, Gunnar, er nú er kallaður Þiðrandabani, er oss hefir mikla harmsök unnið. Þetta er öllum oss mikil nauðsyn á að geta hann af ráðið."

Þeir bræður ráðast nú til ferðar með Þorkeli og fara út eftir héraði. Þeir kveðja upp einstaka menn og verða þeir saman átján. Nú fara þeir og koma um kvöldið á Kóreksstaði til Þorbjarnar. Þeim er þar boðið að vera og þeir eru þar um nóttina. Þeir spyrja Gunnstein vandlega að þeim tíðindum er gerst höfðu um haustið í Njarðvík en Gunnsteinn sagði greinilega frá og þótti þó mikið fyrir að segja. En er

Þriðjungur lifði nætur þá stendur Helgi Droplaugarson upp. Var tunglskin mikið og færðir góðar bæði um héruð og heiðar. Hann vekur þá förunauta sína.

Þá gengur hann til Gunnsteins og mælti við hann: "Þú munt vilja með oss frændi út í Njarðvík."

Gunnsteinn svarar: "Fara skal eg ef þér viljið."

Eftir það ráðast þeir til ferðar, fara út fyrir neðan Sandbrekku og svo út til Óss og upp í heiði til Gönguskarðs uns þeir koma svo upp að ein brekka var eftir. Þar er hvammur fyrir utan göturnar og heitir Djúpihvammur. Þar liggur leiðin um sumarið hið syðra en jafnan um veturinn fara menn ofan eftir hvamminum þá er snjáva leggur. Helgi snýr nú af götunni og sest niður. Hann biður þá alla niður setjast og skipar þeim í garða en hlið í miðju sem í húsgarði.

Þorkell Geitisson mælti: "Hvað skal breytning sú frændi?"

Helgi svarar: "Eg þóttist heyra mannamál upp í skarðið áðan. Nú skulum vér taka þessa menn höndum hverjir sem þeir eru."

Og er þeir höfðu nýsest niður ríða þar að þeim fimm menn á broddstöfum. Þessir menn allir höfðu stálhúfur og gyrðir sverðum. Þeir kenndu þessa menn að þar var Þorkell Ketilsson fullspakur neðan úr Njarðvík og heimamenn hans. Helgi sprettur upp og þeir allir og mælti að þeir skyldu hafa hendur á þeim. Þeir gerðu svo. Helgi gekk að Þorkeli og heilsar honum og spyr hvert hann ætlar að fara.

Þorkell kveðst ætla að fara upp í hérað og heimta skuldir.

"Því segir þú svo ólíklega að þú munir fara að fjárreiðum í þetta mund missera? Og sé eg að ekki er þetta þitt erindi. Nú þykist eg vita hvert þú ætlar og svo erindi þitt. Það mundi eg ætla að þú myndir fara upp í Mjóanes á fund Helga Ásbjarnarsonar og selja honum í hendur Gunnar Þiðrandabana og mun þér það þykja líklegast að hann muni geta haldið Gunnari fyrir mér. Þú veist að fátt er með okkur."

Þorkell svarar: "Því ætlar þú mér þann hlut að eg muni þann mann halda er oss hefur mesta skömm gert? Og munuð þér það spurt hafa að eg rak hann í burt þegar hinn sama dag er eg kom heim."

"Ekki hirði eg hvað þú segir til þess. Nú er þér skjótt til að kjósa um tvo kosti, hvort þú vilt að eg drepi þig hér í Djúpahvammi eða ella seljir þú fram manninn."

Þorkell kvaðst eigi mundu ferðir sjá um þennan mann. Helgi flettir þá Þorkel af vopnum og klæðum og alla hans féлага. Þá lætur Helgi leggja þá niður og fær til jafnmarga menn að vinna á þeim.

Helgi mælti: "Ei er oss vant við þig ef þú virðir einskis frændsemi við mig. Nú skal eg eigi hlífast við þig."

Nú sér Þorkell í hvert vandræði komið var og mælti: "Fast gengur þú að flestu því er þú vilt þér afskipti veita. Mér mun fara sem flestum að eg mun kjósa að lifa ef eg á kosti. Mun eg nú segja víst að Austmaðurinn er í minni varðveislu. Hefi eg hann haldið í allan vetur síðan er tíðindin gerðust. Gerði eg það til ólíkinda að kveðja hann á burt. Upp í heiðinni fyrir ofan bæinn í Njarðvík gengur hjalli sunnan frá skarðinu út fyrir Skálanes. En á hjallanum gegnt bænum er hlaupin urðskriða ofan úr hryggnum á hjallann. Það grjóter mjög mosa vaxið og geitaskófu. Þar á milli steinanna sló eg tjaldi á hausti er eg rak hann á burtu. Það er járngrátt og samlítt við grjótið. Þar setti eg húðfat hans og bjó eg um sem eg kunni og þar hefur hann verið síðan."

Þá svarar Helgi: "Nú gerðir þú vel er þú sagðir hið sanna til. Eigi fyrir því, vissi eg áður að hann var í þinni varðveislu. Skal eg nú og eigi gera þér til meins en þú munt nú eigi að sinni laus verða að svo búnu."

Þá mælti Helgi til Þorkels Geitissonar og spurði: "Hvort viltu nú heldur fara ofan yfir heiði og leita Austmanns eða viltu sitja hjá Þorkeli nafna þínum og gæta hans til hádegis?"

Þorkell Geitisson svarar: "Eg vil vera eftir hjá nafna mínum og gæta hans því að við erum ófráir Vopnfirðingarnir. Mun hér lítils við þurfa. Þykir mér meiri hamingjuraun eftir honum að leita. Treysti eg þér betur og þinni giftu eftir honum að leita."

"Því bauð eg og kjörs á," sagði Helgi, "að mér þykir vel að þú ráðir en vant er að sjá hverjum þess verður auðið. Nú skal skipta liði í helminga. Munum við bræður fara ofan yfir heiði við tíunda mann og vita hvað eg komi áleiðis en þér félagar farið upp á Arneiðarstaði í kvöld og bíðið mín þar uns eg kem á morgun, nema eg finni eigi Austmanninn, þá mun eg koma á hádegi. Þá skal drepa Þorkel fullspak ef hann hefur logið en ef hann segir satt þá má hann eigi að hafa þó að hann setji undan. En ef eg kem eigi aftur fyrir hádegi þá skaltu Þorkel láta fara hvert er hann vill því að ratað mun eg þá hafa hæli Austmannsins hvort sem hann verður fyrir höndum eða eigi."

Nú skiljast þeir þar. Fara þeir Helgi ofan yfir heiði en Þorkell Geitisson situr eftir hjá nafna sínum. En er þeir Helgi komu upp í skarðið þá lýsti af degi. Þá var bakki mikill til hafs. Dregur upp skjótt á himininn og tekur að drífa. Fylgir vindur af landnorðri. Þeir sækja ofan í brekkurnar. Þá sjá þeir hvar hjallinn gengur út eftir hlíðinni.

Þá mælti Grímur Droplaugarson: "Vinum vér eigi tvisvar hið sama. Snúum vér nú hér út eftir hjallanum."

Þeir fara nú eigi lengi áður en þeir sjá urðina og tjaldið svo. Þá var háfljóst af degi. Nú vex drífa og svo vindurinn. Tekur nú að kólna.

Í þennan tíma vaknar Austmaðurinn í tjaldinu. Hann þarf að ganga örna sinna. Hann rís upp í skyrtu og línbrækur. Hann kippir skóm á fætur sér en hneppir ei. Ekki hafði hann yfir sér og ekki í hendi. Og er hann bregður brókum sínum þá heyrir hann mannamál suður á hjallan frá sér. Þeir áttu þá skammt til tjaldsins. Hann sá að þá var eigi ráð að snúa í tjaldið er ófriðarmenn voru svo nær komnir. Hann snýr þá út eftir hjallanum slíkt sem hann má fara. Þeir sjá nú manninn og þóttust í hendi hafa ráð hans og ætluðu að hann mundi skammt undan taka. Eggjaði hver annan að eftir skyldi halda. Gunnar hleypur nú slíkt sem fætur mega bera svo að af liggja skórnir. Nú dregur þó í sundur með þeim meðan hann var ómóður. Gunnar hleypur ofan hjá skálanum og út af lautinni. Þá nemur hann staðar og hnýtir línbrókina að beininu. Þá voru þeir komnir ofan hjá skálanum á völlinn. Þeir gera garð ofan að sjónum. Grímur var þar allra manna skjótastur. Hann hleypur þá fram frá liðinu og að honum Gunnari og ætlar þegar að sæta áverkum við hann. Gunnar sér þetta og kastar sér á kaf. Hann drepur þegar vör undir sig. Grímur sér að hann getur eigi með vopnum sótt hann og skýtur eftir honum spjóti og kemur í hina vinstri hönd Gunnari. Hann tekur til og kippir á burt en hann leggst út á víkina. Þá varð hvasst mjög og föll stór.

Helgi kveður nú við og mælti: "Hvar vitið þér slíkan mann að áræði sem þennan eða hver er fús eftir honum að ráðast?"

Enginn kvaðst til mundu hætta.

"Þess er von," sagði Helgi, "því að annaðhvort mun einum endast eða öngum af voru liði. En sá mun eigi fara því að mér þykir landtakan óvísleg þar er Gunnar er á ströndu fyrir enda er eigi víst hversu sundið tekst. Nú munum vér heldur ganga inn til nausta og vita ef vér fáum oss þar skip að róa eftir honum þó að oss sé það nokkru seinna. En þó skulum vér að hyggja jafnan hvert hann leggst."

Þeir Helgi gera nú svo sem hann mælti fyrir en Gunnar leggst yfir víkina og kemur á land fyrir sunnan skriðurnar er nú heitir Gunnarsdæld. Því hafa þeir menn saman jafnað er hvorttveggja hafa komið og kunnugt er um að það sé jafnlangt sund er Gunnar hefur lagst yfir þvera Njarðvík og frá Naustadæli og yfir til Vindgjár. Gunnar hleypur þá upp á nesið, Snotrunes. Hásetar Gunnars sátu öðrumegin nessesins búðsetu. Hann leitar þangað til þeirra. Þeir Droplaugarsynir róa yfir víkina og koma litlu síðar á land en Gunnar. Þeir setja upp skipið og ráðast til göngu og sjá hvar Gunnar fer. Þeir herða nú eftir honum. Gunnar hleypur inn í búðina. Þá sitja þeir að dagverði.

Gunnar bað þá ásjá "vildi eg að þér verðust með mér. Munum vér þá eigi uppgefnir fyrir þeim er eftir sækja."

Þeir kváðust aldrei mundu gefa sig upp fyrir ógiftu hans. Hann gaf nafn víkinni og kenndi við féлага sína og kallaði Geitavík, og svo heitir hún ávallt síðan. Og er hann sér að hann fær ekki af þeim þá snýr hann burt og upp á Snotrunes. Hann stefndi suður til Borgarfjarðar með ekki meirum birgðum en áður hafði hann. Þeir Droplaugarsynir sjá að Gunnar hleypur burt úr víkinni. Koma þeir ekki þar. Þeir hlaupa hið efra fyrir ofan búðirnar. Gunnar tekur nú að hrymjast mjög á fótum er hann hljóp berfættur um klakann og kuldi mikill. Frýs að honum línklæðin. Dugði honum það að hann kostaði um ferðina slíkt er hann mátti. Fékk honum því vermans. Nú dregur þó saman með þeim uns hann kom upp í ásinn. Þá hallar burt af suður.

19. kafli

Sunnan undir hálsinum stendur bær er heitir á Bakka. Sá er næst, hyggja þeir. Þar bjó sá maður er Sveinungur hét. Hann var kraftamaður mikill og átti góða peninga, kvongaður maður og átti einn son, níu vetra gamlan þá er þetta varð tíðinda. Ekki var þar fleira karla. Voru þar fleira konur nokkrar. Sveinungur var einrænn maður og var mál manna að hann væri eigi allur þar er hann var sénn. En þó var hann góður þá er hann vildi en gerði við fá eiga. Sveinungur var þennan dag farinn að torfi þá leið sem Gunnar var á för. Hann er þá að gera hlassið er Gunnar hleypur þar hjá. Hann hafði þá borið í hripin en eigi hlaðið í milli.

Gunnar hleypur að Sveinungi og mælti: "Bjargaðu mér."

Sveinungur svarar: "Hvers þarftu við?"

Gunnar svarar: "Fjandmenn mínir hlaupa eftir mér og vilja drepa mig ef þeir ná mér."

Sveinungur spyr hver hann væri.

Hann svarar: "Eg heiti Gunnar og er eg kallaður Þiðrandabani."

Sveinungur spurði: "Hverjir hlaupa eftir þér?"

Gunnar svarar: "Eg veit það eigi víst. Þó ætla eg að þeir séu Droplaugarsynir."

"Það er vel," segir Sveinungur, "og mun hér eigi að sökum að spyrja. Er það gott að vita þó að þú fáiir hegning fyrir þann glæp er þú hefir unnið, drepið þann mann er allir hugðu best til."

Gunnar svarar: "Ei dyl eg að verkið sé illt orðið. Er ekki þörf að minnur. Er það öllum boðið að bjarga sér meðan hann má."

Sveinungur mælti: "Leggstu niður á milli hripanna ef þú vilt en ekki mun þér þetta fyrir slíkum köppum sem eftir sækja."

Sveinungur steypir af sér kuflinum og færir hann í. Gunnar leggst nú í sleðann milli hripanna en Sveinungur þrífur í tauma hestsins og léttir eigi fyrr en hann kemur heim á Bakka. En þá er Gunnar lagðist niður í sleðann bar hálsinn í milli þeirra. Voru þeir Droplaugarsynir þá vestan í hálsinum en torfin eru austan í hálsinum og sáu þeir eigi fyrir því. Sveinungur ekur fyrir þver dyr hlassinu. Sveinninn ungi stóð í dyrum. Hann var í hvítum stakki og söluvoðarbrókum.

Sveinungur mælti við sveininn: "Taktu staf þinn og hlaup suður og upp í fjall og safna saman fé okkru því að veður gerir illilegt og rek í hús."

Sveinninn mælti: "Fara mun eg inn í stofu og taka hött minn og vöttu."

Nú hleypur sveinninn slíkt er hann má fara því að hann var hræddur við föður sinn. Sveinungur beitir hestinn frá hlassinu og leiðir til brunns, lætur síðan inn í hús. Eftir það gengur hann heim. Hann leysir þá úr sleðanum reipin og reisir hann við vegg upp.

Í þessu bili koma þeir Droplaugarsynir þar í tún. Sveinungur heilsar þeim glaðlega. Þeir tóku því vel. Hann spyr hversu af staðist um ferðir þeirra. Helgi spyr hvort hann hefði nokkuð manna séð hlaupa hjá sér áðan "er þú ókst torfinu."

"Öngvan sá eg nema sjálfan mig en heimill er greiði við ykkur sá sem þér viljið þiggja."

Helgi kvaðst einskis við þurfa "er dags mikið enn eftir. Er mér miklu meiri forvitni á um þennan mann er áðan hljóp um torfgrafirnar. Þykir mér það eigi vera mega að þú sæir hann eigi."

Sveinungur svarar: "Aldrei veit eg hvort eg sá eigi áðan mann hlaupa fyrir ofan torfgrafirnar í ljósum klæðum og sá hinn sami hleypur nú þar suður í fjallið."

Hann réttir til höndina og vísar þeim til. Þeir sjá nú hvar maðurinn hleypur. Eggjar Helgi nú að þeir skyldu leggja eftir mannum. Þeir gera nú svo. En er hann hljóp í burt þá hafði Sveinungur velt hlassinu inn í anddyrið. Varð Gunnar þá undir en hripin á hann ofan. Þar lá hann þá er þeir komu Droplaugarsynir og nú þegar er þeir burt þá ryður hann af honum torfinu. Hann tekur hníf úr skeiðum, ristir af honum klæðin. Eftir það fylgir hann Gunnari í fjóshlöðuna, kemur honum á heystál upp. Eftir það gengur Sveinungur inn og hleður upp torfinu.

Droplaugarsynir gengu suður yfir Brunnlækjarbrunna. Það er á sunnanverðum vellinum.

Þá stingur Helgi við fótum og nemur staðar og mælti: "Þó fer þessi maður frálega er áður er nýkominn af sundi er hér hleypur í fjallinu. Þætti mér sem hann mundi nú mjög hrymdur er hlaupið hefir berfættur á klaka í allan dag. Eða hvort æpir hann eigi að fé?"

Gunnsteinn Þorbjarnarson svarar: "Hvað muntu það mega marka? Má hann það gera til ólíkinda."

Helgi svarar: "Ei sýnist mér sjá maður svo vera sem mér væri von að Gunnar mundi vera. Munu eigi þau töfl í vera að Sveinungi muni hafa sent heiman son sinn að safna heim fé en hafi borgið hinum og komið undan? Nú skulum vér ekki elta þennan mann. Skal nú snúa af og eiga við Sveinung bónda."

Þeir ganga nú heim til bæjarins en Sveinungi er inni í anddyri og hleður upp torfinu og mælti: "Hví farið þér svo hverft?"

Helgi svarar: "Því, að það er vor ætlan að maðurinn muni vera í þinni varðveislu en eigi í fjalli uppi sem þú sagðir. Er þar son þinn."

Hann svarar: "Eg ætlaði að hann mundi í stofu inni. En þó veit eg eigi hversu eg mundi nú fara að fela hann."

Helgi svarar: "Þú munt hafa látið hann í milli hripanna og velt honum af sleðanum með torfinu. Munum við hafa gengið á hann. Nú viljum vér rannsaka hér."

Sveinungi svarar: "Hafið þér nú ríki til þess fyrir liðfjölda sakir en aldrei hef eg fyrr rannsakaður verið sem þjófar."

Nú ganga þeir inn og rannsaka hús öll og finna hann eigi inni.

Þá mælti Helgi: "Bæði skal koma í fjós og hlöðu."

Sveinungur svarar: "Það er víst að þar sé Austmaðurinn því að hún baula er jafnan taðdrjúg."

Helgi svarar: "Aldrei hirði eg um skrýtyrði yðar."

Sveinungur gengur til rúms síns og tekur ofan sax eitt mikið. Það var níu álna hátt. Hann festir það á sig. Síðan gengur hann til fjóss og lýkur upp fjósinu.

Hann snýst þá við honum Helga og mælti: "Vita munuð þér Helgi hvað lög eru því að þú ert lagamaður mikill, að eigi skulu fleiri menn inn ganga en fyrir eru. Nú er eg einn. Vil eg að einn yðar gangi inn því að ekki eru hér fleiri fylgsni en brátt munu ratast í básum mínum og stíum hjá geitfé mínu. Vil eg ekki hark manna að fé mitt skemmist af vopnum þeirra. En í hlöðu eru dregnar geilar umhverfum hey. Myrkt er þar því að eg lét þar inn færa mikið úthey á hausti og byrgja öll vindaugu með myki, en frosin hart. Láttu menn þína höggva upp vindaugu en Helgi gangi með mér og rannsaki."

Helgi svarar: "Svo skal vera sem þú leggur ráð til."

Hann gengur inn í fjósið. Helgi gengur með honum en þeir Grímur og hans menn höggva upp vindaugun. Þeim gengur seint því að hart var mjög frosið. Helgi rannsakar fjósið í básum og stíum. Eftir það ganga þeir til hlöðu.

Þá mælti Sveinungur: "Nú skaltu standa í dyrum en eg mun ganga í hlöðuna og umhverfum heyið. Eg mun og ganga upp á heyið og velta af ofan því er vott er. Er þér ófært að fara upp á heyið fyrr en eg hefi hreinsað áður því að þú ert skartsmaður mikill. Vil eg eigi að saurgist klæði þín."

Sveinungur fer nú upp á heyið, leggur Austmanninn niður á stálið innanvert, vefur nú að honum flögu mikla og þurra, veltir nú öllu saman út af stálinu og lætur liggja flögurnar. Og er hann er að velta hinni þriðju flögunni þá hafa þeir uppi vindaugað og var þá ljóst í hlöðunni. Þá sjá þeir að þar eru öngvir afkimar.

Þá stendur Sveinungur upp af heyinu og mælti: "Nú hafið þér séð hér fylgsni öll. Er nú að leita í heyinu og fletta öllu upp í flögum. Mun annaðhvort að hann mun eigi hér vera eða í heyinu. Ella farið út til og brjótið upp heyið ef þér viljið en eg mun standa hjá."

Helga fannst fátt um og mælti: "Aldrei nenni eg að brjóta það upp. Ætla eg að eigi þurfi hér lengur að leita."

Eftir þetta fara þeir burtu og biðja ekki Sveinunga vel lifa. Þaðan á leið fara þeir sem fyrr og er þeir koma suður í garð þá rekur sveinninn féð þar í móti þeim. En þegar þeir Droplaugarsynir eru á braut þá tekur Sveinungur Austmanninn á braut en lætur liggja flögurnar. Hann fylgir honum til sjóar og til nausts síns. Þar var velt fyrir framan skip er Sveinungur átti er hann sótti sér farm á suður í fjörðu um haustið. Voru grafnir stafnarnir niður í jörð en nú fokinn undir snjór hið neðra með borðunum. Þar var og inni sauðfé er Sveinungur átti þá er illt var úti. Sveinungur tekur nú pál og grefur nú inn undir skipsborðið. Hann lætur Gunnar koma inn undir skipið. Síðan moka hann að snjónum og sauðamyki en í þessu kemur sveinninn með féð og reka inn og byrgja aftur hrófið. Treður féð svo að ekki sér nývirki á. Sveinungur brokkar þar eftir en sveinninn fer heim.

Droplaugarsynir fara suður frá garðinum. Þá stingur Helgi við fótum og mælti: "Þar kemur að því sem mælt er að eftir koma ósvinnum manni ráð í hug. Þykir mér sem vér munum enn hafa vanleitað hér."

Grímur svarar: "Hvar ætlar þú hann muni verið hafa?"

"Flögur þrjár velti Sveinungur utar af heyinu. En mér þótti sem sú fyrsta væri þyngst en þá var myrkt að og þá sagði hann að eg skyldi til ganga."

Grímur svarar: "Hví sástu eigi þetta þá sem nú?"

Helgi svarar: "Því mér þótti þá eigi jafnlíklegt sem nú. Nú skal þó aftur hverfa að sinni," sagði Helgi.

Sjá hlutur er sá að mörgum aflar tvímælis á að Helga muni áræðisfátt orðið hafa þá er þeir voru tveir inni og muni hann þá séð hafa en þótt eigi til ráðanda.

Grímur mælti: "Skulum vér nú til fjóss ganga?"

"Nei," sagði Helgi, "eigi get eg þess við þurfa."

Þeir ganga nú ofan eftir vellinum. Þá er Sveinungur kominn upp úr klifum neðan úr fjörinni.

Og er þeir finnast þá tekur Sveinungur til orða: "Enn stýrir þú hverft Helgi."

Hann svarar: "Svo mun þér það þykja."

"Hvert skal nú á leita?" sagði Sveinungur.

Helgi svarar: "Mér þykir vanleitað enn í þínum herbergjum."

Sveinungur svarar og brosti að: "Hvar mun hann nú verið hafa?"

Helgi svarar: "Það get eg að hann hafi verið í flögu þeirri er þú veltir fyrst, sú valt þunglegast."

Sveinungur svarar: "Þá mundi eg nú ganga þangað og grípa hann í klær þér."

Helgi svarar: "Hafa muntu slægð til þess að koma honum þaðan á braut og í annað leyni."

Sveinungur mælti: "Hvert viltu þá þess leita?"

Helgi svarar: "Nú vil eg leita hans niðri í naustahúsi þínu."

Sveinungur mælti: "Þetta er miklu ráðlegast að þær gymlur muni hafa tekið við honum því að þær hafa ráð undir hverju rífi. Eg á þar fé mart inni og hefi eg byrgt en ef þér látið hrófið upp þá fel eg yður alla ábyrgð á hendi því að fénaður er þegar í fjöru en nú er hafrænlegt. Kann hér jafnan það á að verða í Borgarfirði að flæði féð sem áður er kunnugt. Nú ef þér látið út féð en eigi inn þá ætla eg yður að ábyrgjast bæði við hríðum og sjávargangi. Eg á þar skip inni er eg hvelfdi að hausti. Það eitt er þar fylgsni. Nú munuð þér það verða úr stað að færa ef þér viljið þar rannsaka. Nú fel eg yður þar slíka ábyrgð á hendi sem öðru ef nokkuð verður að."

Helgi svarar: "Það hirði eg aldrei. Veit eg eigi hvað að ábyrgð verður. Allt skal nú leita að nýju."

Helgi gengur ofan í einstigið en Sveinungur sest niður á bakkanum og horfir út á sjóinn. Þeir ganga nú að hrófinu og hleypa út fénu.

Þá mælti Helgi: "Jafnt er sem Sveinungur segir, ekki eru hér fylgsni fleiri en undir skipinu. Skuluð þér höggva hjá umhverfum skipið. Síðan skal færa úr stað skipið."

Þá mælti Grímur: "Ei munum vér þess við þurfa bróðir," sagði hann. "Stingum vér heldur spjótum vorum inn undir borðin. Munum vér þá varir við verða ef nokkuð verður fyrir en vér megum eigi upp koma skipinu nema vér brjótum nokkuð að. Er það skaði mikill ef brotinn verður svo góður gripur."

Þá taka þeir þetta bragð, stanga spjótum alla vega undir skipið. Þá verður Gunnar var við og þrífur upp innviðuna en spyrnir í bitana og þar hrökkvist hann að upp en þeir lögðu fyrir neðan. Fékk Gunnar mikinn þykk af eins manns vopni. Hann fékk lagið í gegnum lærið fyrir neðan þjóhnappana. Þetta var mikið sár. Við þennan áverka brá Gunnar sér ekki og ekki fann sá er hélt annað en hann hefði stungið í snjóinn. Og er þeir höfðu leitað sem þeir vildu þá ráðast þeir á burt, ganga úr naustinu og láta eigi féð inn. Þeir ganga upp einstigið. Situr Sveinungur þar á bakkanum. Hann mælti ekki orð við þá. Sveinungur var þústinn mjög og litverpur. Stundum var hann bleikur sem bast en stundum svartur sem jörð. Nær horfðu fram öll hárin eftir hans haus. Þeir þóttust þá mega sjá að honum var mikið í skapi og áttu þar ekki við hann fyrir það að þeir höfðu það fyrir satt að þá mundi Sveinungur hafa tryllst að þeim ef þeir hefðu Austmanninum náð. Eftir það fara þeir Droplaugarsynir á burt en Sveinungur vitjar Austmannsins og færir hann heim á því kvöldi í sín herbergi og bindur sár hans. Eftir það færir hann Gunnar í jarðhús er hann átti. Það var eigi heima á bænum.

Þeir héldu suður með hlíðinni og stefndu suður til Dysjarmýrar, komu þar svo að liðið var dagsetur. Þar drápu þeir á dyr. Þar bjó sá maður er Gunnsteinn hét. Hann var goði þeirra Borgfirðinga og hafði þar mannaforráð. Gunnsteinn var samborinn bróðir Sveinunga. Gunnsteinn var manna mestur og sterkastur, búþegn góður og hinn harðasti í skapi við hvern sem hann átti. Var það enn og orðtak manna að hann væri í þvílíkri náttúru sem Sveinungur, að hvorgi væri einhamur. Þeir bræður kalla út Gunnstein. Hann fagnar þeim vel og býður þeim þar að vera og það þiggja þeir. Er þeim fylgt í stofu og dregin af þeim klæði. Þar höfðu menn lokið náttverði. Var þeim unninn beini góður. Þá sest Gunnsteinn framan að stóli og spyr að ferðum þeirra og erindum. Helgi segir honum léttilega frá öllum rekstri þeim er þeir höfðu haft við Sveinunga um daginn. En er hann heyrði að Sveinungs var getið þá spyr hann vandlega hversu með þeim hefði farið. En Helgi segir jafnt sem farið hafði.

Enginn maður hafði þá hníf á belt. Þá er menn fóru úti höfðu þeir tygilhnífa og festu á háls sér. Helgi bregður hnífinum og ætlar að matast. Hann tekur þann hlut sem eftir var á disknum. Það var skammrif eitt. Nú bregður hann hnífi og ætlar að skera af.

Hann mælti þá, Helgi: "Ei er ofsögur sagt um fé þetta er hér gengur um Miðfjörðu því að mér þykir þetta líkara af nautum muni vera."

Gunnsteinn svarar alls öngvu. Hann seilist upp yfir borðið og þrífur hönd hina hægri fyrir ofan úfliðinn og kreistir höndina svo fast að hann lýr alla hana og úr hrytur hnífurinn og niður á borðið. Þá kastar Helgi niður skammrifinu en þrífur til handarinnar og lítur til Gunnsteins. Hann sér að Gunnsteinn var svo bleikur í andliti sem nár og fram horfðu öll hár á höfði honum.

Helgi mælti þá við Gunnstein: "Hvort ætlar fjandi þinn að hamast á oss?"

Gunnsteinn svarar: "Ekki mun eg tryllast á þér en halda mun eg þér þangað til er þú hefur sagt mér með röskleik hvort þú hefir ekki mein gert bróður mínum."

Helgi svarar: "Láttu mig lausan. Ekki mein hef eg gert honum. Ei fyrir því, slíkur skratti er hann sem þú og eigi ætla eg hann sé betri."

"Trúa mun eg að þú hafir drengskap til að segja satt en ef öðruvísi er skulum við eigi skildir."

Gunnsteinn lætur þá lausa höndina en Helga var svo stíð höndin að hann kenndi einskis fingurs á þeirri hendi. Hann sprettur þá upp undan borðinu og allir þeir, ganga innar að pallinum og setjast þar niður. Enginn þeirra tekur til matar. Er þá fram borinn maturinn. Fóru heimamenn þá í rekkjur. Enginn þeirra Helga manna þiggur þar greiða. Leggjast þeir niður í klæðum sínum og eru þar um nóttina. Og er lifa mun þriðjungur nætur þá gengur Helgi út. Er þá ljós vegur en tungl óð í skýjum. Þá snýr Helgi inn og vekur upp menn sína, segir að allgóður sé vegur.

Þeir fara nú burt þaðan og biðja Gunnstein ekki vel lifa, ganga upp á heiðina. En er þeir komu upp að bæ þeim er í Fannstöði heitir, sá er efstur í Borgarfirði, þá lýsti af degi. Þeir ganga upp heiðina. Helgi gekk fyrir en illt var að fara mjög. Helgi vildi niður setjast og hvílast. Hann skaut frá sér spjóttinu en falurinn lá í knjám honum. Hann sér að spjótið var allt blóðugt.

Þá tekur Helgi til orða: "Satt er það sem mælt er að oft verður lítils vant og get eg svo hér hafa orðið. Gefast annarra ráð verr en mín. Þar hefur Austmaðurinn verið undir skipinu. Hefur hann fengið geig nokkurn af spjóti mínu en eigi veit eg hversu mikill er. Mundi yfir hafa tekið ef svo hefði með verið farið sem eg gaf ráð til."

Þeir svöruðu: "Förum vér aftur hvatlega og drepum Sveinung ef vér náum eigi Austmanninum."

Helgi svarar: "Hefði hann maklegleika til þess en eigi sýnast mér þeir bræður hvers manns færi við að eiga. Get eg Sveinungur muni hafa brögð undir brúnum. Munum vér eigi auðnu til bera yfir höfuðsvörðum Gunnars að standa er dregur þá undan er í hvekkingum var með oss. En það er nú satt að segja að eg hygga að Gunnar sé fárra maki í hreysti og eljun. Mun nú skilja með oss að sinni."

Stendur Helgi þá upp og tekur til göngu. Léttu þeir eigi fyrr en þeir komu á Arneiðarstaði. Hitta þeir Þorkel Geitisson. Hann spyr hversu farið hafi en Helgi segir alla atburði svo sem gengið hafði. Þorkell kvað mjög vaxa ófrið en ekki við meðalmenn að eiga þar sem þeir voru bræður.

Þorkell kvaðst þar hafa setið yfir nafna sínum til hádegis í Djúpahvammum "en þá er eg lét hann lausan, sneri hann þá heim til Njarðvíkur."

Nú skiljast þeir. Fer Þorkell Geitisson heim í Krossavík en Helgi fer heim á Arneiðarstaði.

20. kafli

Þessi atburður spyrst nú víða og þótti mörgum sjá maður mjög úr öngum ekið hafa. Líða nú stundir og eigi langar áður en Sveinungur fer heiman og Austmaður með honum. Þeir fara upp yfir heiði og létta eigi fyrir en þeir koma í Mjóvanes. Þeir finna Helga Ásbjarnarson. Fer Austmaður heim í hérað. Helgi tekur við honum og lætur hann koma í útibúr sitt er stóð úti í túni. Ekki vissu þetta fleiri menn en Helgi og Sveinungur að Austmaður var þar kominn til varðveislu. Er hann þar það er eftir var vetrarins. En flestra manna ætlan er það að Gunnar mundi með Sveinungi vera.

Líður nú vorið og svo fram að þingi. Þingstöð manna var að Helga Ásbjarnarsonar að Kiðafelli. Helgi átti að helga þing. Hann sá að eigi mátti hann bæði fara að helga þing og varðveita Austmann svo að eigi yrði nokkur var við að hann væri þar.

Hann tekur það ráð að hann sagði Þórdísi toddu um kvöldið það hið sama og hann skyldi heiman ríða um morguninn eftir að þar væri Gunnar Þiðrandabani í hans varðveislu "vil eg nú að þú takir við valdi hans meðan eg er í burtu og gætir að eigi verði menn varir við að hann sé hér."

Þórdís svarar: "Undarlegur maður ertu Helgi er þú ætlar að eg muni halda þann mann er oss hefir slíkt mannsPELL gert. Skal eg láta drepa hann ef eg næ honum og skal eg þetta efna sem eg hét. Sýnist mér sem þó sé ærinn agi meðal vor frænda. Er það eigi ólíklegt að af þessu gráni enn meir með yður en áður. Eg skal þegar á morgun senda mann Bjarna bróður mínum og skal hann hafa virðing af."

Helgi svarar: "Það gerir þú sem þér líkar. Þér mun eg selja hann. Máttu og muna hversu mikils þú varst virð meðan þú varst heima. Varstu þá í einum sloppi og gekkst þar fyrir bú. Sá eg þig ekki betur haldna en eina ambátt áður en eg tók við þér. Nú máttu hugsa hvað þú átt mér að launa því að þú gerist nú að litlu færra kvödd en eg. Svo tekur nú að vera þín virðing að nálega vill svo hver maður sitja og standa sem þú vilt. Nú er þér það að segja ef þú selur fram manninn undir öx Bjarna að jafnskjótt skaltu í burtu verða og norður til Hofs og hafa slíka sæmd sem Bjarni bróðir þinn hyggur þér og aldrei skaltu í sama húsi mér vera meðan þú lifir."

Hún svarar: "Það hirði eg aldrei hverju þú heitir mér. Mun Bjarni mig að öngvu verr halda en þú."

Þau skilja nú tal sitt og þótti sitt sinn hvoru þeirra. Líður af nóttin en um morguninn drífa menn að honum Helga. Hann lætur reka að hesta. Ríður Helgi á burt með sínu liði og upp á háls. Hann helgar þing. En er Helgi er á burtu þá gekk Þórdís til útibúrsins og lýkur upp. Hún gengur að Gunnari og veitir honum beina. Hún mælti ekki við hann. Líður dagur sá til aftans. Er þá híbýlum á leið snúið í Mjóanesi. Og er menn eru undir borð komnir er drepið á dyr og til hurðar gengið. Þar eru komnir menn úti, nær átta tigum manna. Þeir láta kalla út Þórdísi. Hún gengur út og kennir Bjarna bróður sinn. Hún tekur við honum með allri blíðu. Bjarni þekkist það vel. Er þá tekið af hestum þeirra og er þeim beini veittur. Og er lokið er náttverði þá fara menn í hvílu. Þórdís gengur þá til hvílu þeirrar er Bjarni hvílir í. Hún leggst á rekkjustokkinn. Þau taka tal með sér því að þeim varð mart til tals.

Þar kom þó um síðir að Bjarni tekur svo til orða: "Það er mitt erindi hingað að eg hefi haft njósn að Gunnar hefur hér verið um hríð. Nú vissi eg að Helgi mátti eigi annast hann meðan hann var á þingi. Mun hann nú vera í þinni varðveislu."

Hún svarar, kvað eigi það vera "og eigi veit eg hví þú ætlar mér það að eg mundi varðveita þann mann er svo mikið skarð hefur gert í ætt vorri að vér munum aldrei bætur bíða."

"Ekki hirði eg hvað þú segir til þess því að það veit eg að hann er í þínum híbýlum. Fór eg af því hingað til þín að eg þóttist vita að þú myndir mína fór góða gera. Nú er ekki að dylja þess er satt er. En veit eg fyrir hvað þú dylur. Hann mun hafa boðið þér varnað á um að segja til hans og heitið þér ógnun, talið upp hversu ósællega þú varst sett meðan þú varst heima. Mun hann hafa heitið þér að reka þig á burt með hrakningum. En þó að svo sé að þú komir til Vopnafjarðar þá skaltu eigi minna ráðandi en hér í Fljótsdalshéraði ef þú gerir nú mína sæmd sem eg beiði."

Þórdís kvaðst eigi mega það segja er eigi var til og hún vissi eigi hvar væri.

"Ekki hirði eg nú um dulkofra þinn því að eg mun nær geta hvar hann er ef eg vildi eftir leita. Nú mun eg mark til gera að mér þykir mikið undir að ná manninum. Eg hefi sjö hundruð silfurs í einum sjóð. Það er hið besta fé. Það skal þér gefa til þess að þú seljir fram manninn mér í hendur."

Þórdís svarar: "Ófésparari ertu nú við mig en þá er eg var heima að Hofi. En ekki þætti þér það verra þó að eg ætti það því minna. Mundi eg og við taka fénu ef eg vissi hvar hann væri."

Bjarni svarar: "Þá mun eg segja þér hversu fara mun. Eg mun hér rannsaka öll híbýli á morgun þar sem mér þykir líkast til. Það get eg að hann sé í vöruhlaða þínum og skal eg hann þaðan draga og drepa hann fyrir augum þér til hörmungar."

Þórdís svarar: "Ei mun sú raun á verða að hann sé hér."

Snýr hún nú til rekkju sinnar og er skapþungt sem von var til. Sofa menn af nóttina. Og þegar menn eru sofnaðir stendur Þórdís upp í klæði sín. Hún vekur upp sauðamann sinn, það hann ganga út með sér.

Og er þau koma út þá mælti Þórdís: "Þú skalt fara sendiför mína skyndilega upp undir Kiðjafell á þingvöll. Þú skalt segja Helga að hann komi heim sem hann má fyrst og fari eigi fámennur. Seg að þeir eru hér gestir komnir að eg þykist eigi fulla sæmd veita mega nema hann sé við því að eg á öngum manni meira sóma að veita en Bjarna bróður mínum. Eg veit að hann mun skjótt við bregða. Ríð nú mikið og far ákaft því að eg heiti þér því að þú skalt eigi sauðreki þurfa að vera héðan af meðan við lifum bæði ef þú gerir nú vel þetta erindi."

Hann tekur hest og ríður upp á hálsa og léttir eigi fyrr en hann kemur á þing. Hann ríður til búðar Helga og stígur af baki. Hann gengur inn í búðina og að þar er Helgi hvíldi. Hann fagnar vel húskarli og spurði tíðinda en hann sagði erindi sín þau er Þórdís bauð honum. Þá var í næturelding. Hann býst skjótt og kveður upp menn sína og biður reka að hesta. Ríður hann þegar burt af þinginu með hálf tannað hundrað manna og út eftir hálsunum og svo heim í Mjóvanes.

En um morguninn snemma í Mjóanesi þá stendur Bjarni upp og lætur menn sína brátt reka að hesta sína "vil eg ríða á burt."

Þórdís gengur að honum og bað að hann skuli eta dagverð "áður þér ríðið."

Bjarni kvaðst eigi nenna að rannsaka hana sem þjófa fyrir frændsemis sakir "en hefur þú maklegleika til. Viltu alls kostar illa til mín gera. Mundi eg finna hann ef eg vildi leita með harðindum því að þar mun hann vera sem eg sagði þér í nótt."

Eftir þetta ríður Bjarni á burt með menn sína. Skiljast þau systkin með lítilli blíðu að sinni. Síðan ríður Bjarni út með vatni. Og er þeir eru komnir út með vatni sjá þeir jóreyk ofan að garði í Mjóvanesi. Ríður Helgi ákaft. Hann kemur í tún. Er Þórdís þá eigi inn gengin. Hún snýr að Helga bónda sínum og fagnar honum vel.

Hún segir honum allar viðræður þeirra Bjarna og hversu farið hafði allt með þeim "hefi eg þig meira metið en alla aðra."

Hann þakkar henni allan góðvilja "vissi eg að eg var vel kvongaður en eigi vissi eg að þú varst slíkur skörungur sem þú ert. Hefur þú miklu betur þetta gert en þú hést. Nú mun eg ríða aftur á þing ef þú þykist birg heima."

Hún segir Helga þá hvað Bjarni hafði fram lagið og hvað hann hafði um mælt. Eftir þetta ríður Helgi til þings. Þórdís stjórnar búi heima. Bjarni ríður norður til Hofs en þau Þórdís og Helgi höfðu Gunnar með sér og gerðu vel til hans. Er hann þar um sumarið í góðum fagnaði og fæddur þó á laun.

21. kafli

Þeir Droplaugarsynir héldu svo ríkt vörð á um skip það er Gunnar átti að hann náði aldrei þangað að koma og öngum fjárhlut náði hann nema nokkrum gripum og þó fám. Austmennirnir fara utan um sumarið, koma til Noregs og segjast aldrei vita hvort Gunnar mundi fara til Hálogalands eða eigi. Nú segja þeir öll tíðindi og undanrekstur þann allan er hér hafði verið.

Þetta sumar ríða menn til þings og leggur Þorkell Geitisson fé til höfuðs Gunnari og fékk öllum höfðingjum umboð að hann skulu höndum taka. Allir hétu góðu um þetta en þeir þó mestu er Þorkell átti heitast vinfengi við ef hann kæmi því fram. Það var Þorkell Eyjólfsson. Hann bjó vestur að Helgafelli og átti Guðrúnu Ósvífursdóttir. Hún var í kærleikum við Helga Ásbjarnarson. Höfðu þau fyrr senst gjöfum í millum. Þó hafði Þorkell Eyjólfsson eigi vitað til þess.

Og er af líður sumarið þá lætur Helgi járna hesta þrjá. Hann fær mann til föruneysis við Gunnar og sendir hann norður á Möðrudalsheiði og svo norður hið efra til Mývatns og fara svo vestur til sveita uns hann kom til Helgafells, því að hann var sendur þangað til umsjár og halds með nógum jarteiknum til Guðrúnar Ósvífursdóttir að hún skuli taka við honum með blíðu og halda hann þar fyrst um veturinn og koma honum utan um sumarið eftir. Bar og vel í móti nú. Er Þorkell eigi heima. Hann hafði heitið Þorkeli Geitissyni að taka Gunnar af lífi ef hann næði honum. Þorkell hafði farið út í eyjar eftir skreið. Guðrún tekur við Gunnari ævar vel. Dvelst förunautur Gunnars skamma hríð. Sendir Guðrún Helga Ásbjarnarsyni góðar gjafir. Fer hann til þess er hann kemur í Austfjörðu.

Gellir hét son þeirra Guðrúnar og Þorkels. Hann var ungur maður og vel menntur og farmaður mikill. Hann kom út þetta sumar í Laxárósi en nú var hann að vist með föður og móður að Helgafelli.

Og er Gunnar hefir þar verið eina nátt þá kemur Þorkell heim síð um aftan. Þar var fjölmenni mikið. Eru gervir eldar fyrir þeim og dregin af þeim klæðin. Menn ganga fram úr stofu til eldanna. Þorkell sér að þar gengur fram maður einn í blám kyrtli og heklum grárrum. Sá maður var ákaflega þreklegur en eigi hár. Hann hafði bjarta öxi í hendi. Maðurinn var ljós á hár, réttleitur og vel í yfirbragði. Þorkell spyr hver sá maður væri hinn drengilegi. Hann segir til sín og kveðst Gestur heita.

Þorkell starir á þennan mann um hríð og mælti: "Furðu líkur ertu þeim manni að frásögn er heitir Gunnar og er kallaður Þiðrandabani og hefur verið í Austfjörðum um hríð. Eða hvar er heimili þitt eða hvert ætlar þú að fara?"

Þá varð honum orðfall og svarar öngvu.

Þorkell svarar: "Svo virðist mér sem þú munir annar maður en þú segir og rétt get eg að eg fari um nafn þitt og athöfn."

Gunnar svarar: "En ef svo er sem þú segir hvað mundir þú þá til taka?"

Þorkell svarar: "Það skaltu vita brátt."

Hann sprettur nú upp og þrífur sverð eitt er lá í sætinu og hét Sköfnungur er síðan týndist með honum á Breiðafirði. Þorkell bregður þegar sverðinu og hleypur innar yfir eldinn og höggur til Gunnars. Hann bregður við öxinni og upp yfir höfuð sér. Þorkell höggur í öxarfetann en missti mannsins. Svo fast hjó Þorkell að mjög svo festi sverðið í öxarfetanum. Gunnar bregður við og færir upp öxina. Menn hlaupa innar í stofuna og sögðu Guðrúnu hvað um var í eldaskálanum.

Hún gengur fram og biður Þorkel bónda sinn stöðvast "vil eg að þú gerir honum ekki grand nema þú viljir að við skiljum okkart félag upp frá þessum degi ef þú gerir honum nokkurt mein því að Gunnar var mér sendur af vinum mínum til halds og trausts. Skal eg hann svo annast sem son minn til þess er skip ganga af Íslandi í sumar. En ef nokkur maður vill hár af höfði honum blása þá skal eg þeim líkan grimmeik gjalda sem eg má mestu á leið koma. En það mæla sumir að það sé lítið gaman þeim sem það hafa reynt að verða fyrir reiði minni. Skal eg þá og ekki af spara það er illt er ef eg verð vör við að nokkur geri honum mein. Það vil eg að þú eigir ekki við hann því að honum mun einhlít mín umsjá og velgerningur."

Þorkell svarar: "Oftast ertu ráðgjörn Guðrún. Verður oftast engin hæfa á ef þú ræður eigi því sem þú vilt. Verðum vér jafnan lítilmenni af ef þú hlutast til."

Sefast Þorkell nú brátt og rennur honum reiðin. Er Gunnar þar um veturinn í góðum fagnaði.

22. kafli

Það er sagt einn aftan um fardaga sjálfa að þau Guðrún eru komin í rekkju sína.

Þá tekur hann til orða: "Hversu er þess gert við Gunnar féлага þinn að þér þyki vel vera?"

Guðrún svarar: "Það mun eg skjótt segja þér. Skip stendur uppi í Laxárósi það er Gellir son minn hélt hingað í fyrra sumar. Það vil eg láta hlaða þar og búa utan í sumar og hlaða varnaði og góðum reiða. Þetta vil eg gefa honum en Gellir skal sitja eftir í sumar."

Þorkell sagði ekki í móti "því að mikill er ofsi þinn en þó mun enn sem oftast að lítið samþykki mun á verða ef eigi er svo gert sem þú vilt."

Slitu þau talið. Líður af nóttin. En þegar um morguninn lætur Þorkell snemma að vera. Er flotað skipinu en fluttur til mikill varningur og góður. Hafa þau stórkostnað fyrir. En þá er albúið er skipið þá leiða þau Gunnar til, gefa honum skip með rá og reiða og miklum fjárhlut. Gunnar þakkar þeim vel þessa gjöf og marga aðra virðing er þau höfðu honum veitt. Skiljast þau nú allgóðir vinir.

Siglir Gunnar í haf þegar honum gaf byri. Varð hann allvel reiðfara, tók þar land sem hann kaus á og faðir hans átti byggðir fyrir. Gunnar var hersis son en hann réð fyrir Hálogalandi. Þar var honum vel fagnað því að nálega þóttust menn hann úr helju heimtan hafa. Og er það flestra manna sögn og orðtak bæði hér og annars staðar að eigi muni einn maður meir úr öngum ekið hafa en Gunnar, slíkir garpar sem eftir leituðu.

Annað sumar eftir býr Gunnar þetta skip með miklum fjárhlut og sendir út til Íslands með gripum til Þorkels og Guðrúnar Ósvífursdóttir og annarra þeirra er hann þóttist góða hluti eiga að launa. Skipið kemur í Laxárós. Tekur Gellir við skipinu og hefur lengi í ferðum síðan. En Gunnar situr í búi sínu á Hálogalandi og kemur hann lítt við þessa sögu héðan í frá.

23. kafli

Hallsteinn hét maður er bjó á Víðivöllum hinum nyrðrum í Fljótsdalshéraði. Hans er getið fyrir í sögunni. Hann var maður mikill og hinn skilríkasti bóndi. Hann átti tvo sonu, Sighvat og Snorra. Þeir voru allvel menntir. Þeir voru ýmist heima með föður sínum eða með Hrafnkatli Þórisssyni. Þeir voru hávaðamenn miklir og héldu mjög til kapps við flesta. Þeir höfðu mikið traust undir Hrafnkatli. Var þá höfðingskapur hans sem mestur í það mund. Hallsteinn bjó svo nokkur misseri að hann setti ýmsar konur fyrir búið. Varð honum það stórmjög óhaglegt.

Þess er getið eitt vor að hann reið ofan til Bessastaða. Bessi tekur við honum ágæta vel og spyr hann að erindum.

Hallsteinn svarar: "Eg vildi að þú riðir með mér ofan á Arneiðarstaði. Hefi eg lengi við mikil óhægindi búið. Nú vildi eg kvongast og hafa þar við yðvart fullting."

Bessi svarar: "Hver er kona sú?"

Hallsteinn svarar: "Hún heitir Droplaug og er dóttir Björgólfs."

Bessi svarar: "Ei vildi eg að þú gerðir þetta því að eg get að hún verði þér ofstýri. Sýnist mér sem hún sé eigi hvers manns færi en allvel er konan mennt. Sýnist mér sem þið munuð allóskaplík því að hún er hinn mesti svarri og af góðum ættum en þú ert af smábúanda ætt og smálátur í skaplyndi. En þó þú sért fémaður mikill þá tekur þú mjög stein um megn þér. Vil eg það ráð þér gefa sem hverjum öðrum að hann leiti sér þess ráðuneytis að eftir hans skaplyndi sé en eigi með svo lítilli forsjá að engin eru álit. Eru synir þínir uppivöðslumenn miklir en þeir Helgi eru enn kallaðir nokkuð ágjarnir og ef þér verðið eigi samþykkir þá mun þeirra fundur skakkur verða. Nú þykir mér þín ferð eigi til ágengileg verða. Ertu áhugamikill og miklu framar en eg ætlaði því að eg hefi lengi verið húsfreyjulaus og verið oft á eggjaður að biðja hennar og hyggst mér svo að sem mér muni eigi hæfa að fá hennar. Mun eg heldur búa einn saman um hríð. Nú let eg þig en þú gerir sem þér líkar."

Hallsteinn svarar: "Satt er það sem mælt er að öngum skyldi maður treystast því að sá kann mann mest að blekkja er hann hefur mestan trúnað á. Nú varði mig aldrei þessa Bessi að þú mundir svo fara fótum saman, en mín sæmd liggur við öll. Hefi eg lengi venskap við þig átt og trúað nær á þig sem á goð og ertu því minni í vafi sem eg þarf meir."

Bessi svarar: "Það er forn orðskviður að veldurat sá er varar. Nú hefi eg sagt sem mér sýnist en fara skal eg með þér ef þú vilt. Ábyrgist þú mest hversu sem sækist en sannspár verð eg þér að þessu að þessa muntu mest iðrast sjálfur af bragði."

Hallsteinn svarar: "Verði sem má. Allt skal nú fara að einu."

Þeir ríða nú út eftir héraði uns þeir koma á Arneiðarstaði. Er gengið móti Bessa og Hallsteini að vanda með allri blíðu. Eru þeir þar um nóttina en um morguninn gengur Bessi að Droplaugu og sonum hennar og kvaðst eiga skylt erindi við þau. Nú ganga þau á tal. Bessi segir upp sitt erindi.

Þau Droplaug svara seinlega þessu máli en Bessi bað að þau skyldu eigi draga lengi þetta mál "vil eg að þér verðið af skörungar og segið hvað yður býr í skapi."

Helgi svarar: "Svo þykir mér sem þau Hallsteinn muni eigi skaplík mjög. Nú vil eg að hún segi fyrir sig. Vil eg því samþykkja sem hún vill til sín snúa."

Droplaug svarar: "Auðséð er það að Hallsteinn hefur séð það að þú ert fjárfastur. Höfum vér þó þess fjár lengi vel notið að Þorvaldur faðir ykkar hefur átt og saman dregið. Hefur nú síðan mjög í kostnað gengið því að hvert haust verðum vér niður að leggja mart fé í bú vort en á vorum verður gripum til að verja að kaupa málnytu. En mér þykir illt að láta risnu mína. En nú ætla eg fátt ganga fé á fótum en eigi skorta jarðir eftir. Er hér skjótur kostur við Hallstein að eg skal fara upp á Víðivöllu með þér og eignast allan fjárhlut að helmingi við hann en eg mun ekki fé héðan hafa nema gripi nokkra því að eg ann sonum mínum best að njóta þeirrar eignar er hér stendur saman. Vil eg og að synir mínir standi þar til erfðar sem þau börn er eg á við þér. Mun eg aldrei svo lengi lifa að eg geti goldið þeim bónda er eg átti fyrir þann góðvilja er hann veitti mér. Ann eg því best sonum mínum að njóta allra þeirra hluta er gagn er að."

Synir Droplaugar báðu hana sjá fyrir kosti sínum en kváðust ætla að þeim mundi endast fé um sína daga. Droplaug segir að Hallsteinn mundi um þennan kost kjósa eiga. Hallsteinn gengur óhokinn að þessu og er nú þetta að ráðum gert. Droplaug er nú fest Hallsteini. Riðu þeir nú heim eftir það.

24. kafli

Þessi tíðindi spyrjast nú víða um héraðið og þeir Hallsteinssynir spurðu þetta sem aðrir. Þá fóru þeir heim á Víðivöllu og skipta fénu öllu í helminga og taka við móðurarfi sínum. Ráðast þeir nú burt með fé sínu. Eftir þetta er til veislu snúið og mönnum til boðið og er þar mestur hluti fyrimanna saman kominn. En svo mikla virðing sýndu þeir Hallsteini, synir Droplaugar, að þeir vildu eigi vera að boði hennar. Eigi var Hrafnkell þar og eigi Helgi Ásbjarnarson. Veislan fór vel fram og sköruglega en eftir boðið tekur Droplaug við búinu og allri umsjá bæði fyrir utan stökk og innan og þvílíka risnu sem hún var vön. Þeir bræður, Droplaugarsynir, skipa bú sitt og setja konu fyrir, halda öllu hinu sama um búrisnu sína sem vandi var til áður.

Um samfarar þeirra Hallsteins og Droplaugar var ekki mart enda ekki illa en synir Hallsteins lögðu mikinn óþokka til Droplaugar svo að þeir komu aldrei að finna föður sinn. En á fyrstum misserum er þau voru ásamt hjón þá fer Droplaug eigi kona ein saman og líða stundir fram í líkindi þar til er Droplaug fæddi barn. Það var sveinn. Er hann vatni ausinn og nafn gefið og kallaður Björgólfur eftir móðurföður sínum. Óx sá sveinn upp og var hinn efnilegasti. Unnu þau honum mikið því að hann var hinn bráðgervasti í öllu.

25. kafli

Synir Droplaugar komu jafnan að finna móður sína. En ávallt er þeir fóru á millum þá dvöldust þeir á Bessastöðum löngum.

Einn hlutur var sá í fari Bessa að Helga var mjög óþokki að því að Bessi elskaði mjög goðin. Hann var blótmaður mikill og hafði mikinn átrúnað við goðin. Bessa þótti Helgi of lítinn átrúnað vilja hafa á goðunum því að hann gerði sér óþokkað mjög um það.

"Sé eg öngvan þann hlut í þínu fari," segir Helgi, "að þér verði jafnmikil heimska í sem þetta er þú veitir svo mikinn átrúnað undærum þeim er menn gera með höndum sér og bæði eru blind og dauf og mállaus og það skil eg að þau mega hvorki gera sér gagn né öðrum. Og því er eg miklu skemur með þér en eg mundi ella að eg veit einn hversu andstygg mér eru goðin. En alla hluti aðra veitir þú mér með mikilli ástæmd."

Bessi svarar: "Þú værir allra manna spakastur á öllu Íslandi þeirra er nú vaxa upp ef þú legðir þinn trúnað undir þeirra miskunn."

Helgi svarar: "Verði mér aldrei svo illt að eg vænti mér góðs af þeim fjöndum er öngu loða saman nema illu einu."

Skildu nú við svo búið.

Þau Droplaug og Hallsteinn bjuggu saman sjö vetur svo að álitlega var. En svo sem þau bjuggu saman lengur þá harðnaði þeirra samfarir. Gerðust nú óhægindi mikil í búinu en þó stóð mikið fé saman því að Hallsteinn var fémaður mikill. Droplaug sendi oft sonum sínum orð að þeir skyldu koma til að skipta fénu við Hallstein en þeir fresta um hríð.

26. kafli

Það er á einum vetri á skammdegi að sendimaður kemur ofan af Víðivöllum á Arneiðarstaði og segir að Droplaug vill að þeir kæmu upp þangað sem fyrst. Þeir bregða ekki skjótt við þessa orðsending. Líður fram í vikuna. Þá kemur annar sendimaður með hinum sömum erindum sem hinn fyrri.

Helgi bað sendimanninn fara heim "en eg mun fara þá er mér þykir tími til vera."

Sendimaðurinn fer heim við svo búið.

Þennan vetur var þung veðráttu. Voru færðir illar eftir héraðinu. Það var einn morgun snemma í ár að Helgi er á fótum og biður Grím bróður sinn upp standa. Hann gerir svo, fer í klæði sín. Síðan ganga þeir út. Þá var á hafrænt veður og heiðríkt hið efra en stóð garminn með fjöllum, frost mikið ákaflega. Helgi stefnir suður yfir gilið og ofan ás. En er þeir komu ofan á ísinn þá var ákaflega illt að fara. Nú dregur saman myrkvinn og tekur að drífa og gerir mjög fjúkanda.

Helgi tekur nú til orða: "Hér er nú miklu verra að fara en eg ætlaði. Munum við nú snúa yfir í heiði og upp með bæjum við það" því Helgi ætlaði að þar mundi miklu betra að fara.

Nú gerir á þá illviðri mikið og ákaflega hríð. Gengur nú á norður og stendur af heiðinni veðrið. Þeir bræður ganga lengi um daginn allt til þess er mjög var annars litar. Þá koma þeir að gili einu miklu og fara yfir gilið.

Þá tekur Grímur til orða: "Hvað gili er þetta?"

Helgi svarar: "Það mundi eg ætla að væri Örafagil milli Bessastaða og Skriðu, suður frá Bessastöðum, því að mér þykir drjúgt verið hafa neðan eftir heiðinni."

Grímur kvað það eigi mega vera "því að er enn ódrjúgt. En þó get eg að ráðlegra sé að fara ofan í byggðina. Mun okkur vís gisting hvar sem við komum til bæjar."

Snúa ofan úr fjallinu. Þeir áttu nú allfærðþungt og er þeir koma á jöfnu urðu þeir við öngva bæi varir og vita nú aldrei hvar þeir fara. Þeir ganga þá enn upp eftir héraðinu. Þeir komu á grjóthól einn. Þar var borið af. Þeir ganga eftir hólnum en er minnstar vonir eru missa þeir fóta og hlaupa ofan fyrir hengiskafli einn. Þeir hlæja mikið og var þar blautt undir er þeir koma niður. Þeir voru svo klæddir að þeir voru gyrdir í brækur og voru yfir utan í vararfeldum og hnepptir að þeim undir höndum, gyrdir sverðum og höfðu digrar stengur í höndum. Svo bjuggust þeir til göngu í hvert sinn. Þeir stinga niður broddstöfunum og finna að ís er undir. Grímur spyr hvort hann kenni nokkuð til hvar þeir voru komnir.

Helgi svarar: "Það er fjarri. Hér veit eg hvergi ísa vera nema á Lagarfljóti en hér ganga ekki melar svo eg viti."

Helgi kvaðst eigi vita hvar þeir voru komnir. Þeir herða nú enn á gönguna og ganga burt af ísinum og koma á hrjóstur eitt. Þar sjá þeir sorta einn í hriðinni fyrir sér. Þeir sjá að það var virki eitt mikið og svo hátt að Helgi getur eigi betur en tekið upp jafnhátt. Þeir gengu umhverfis virkið. Það var kringlótt. Þeir finna að hlið var þar fyrir grindlæst og búið um vel.

Helgi mælti: "Vita muntu hvar við erum komnir."

"Nei," sagði Grímur, "heldur fer það fjarri því að hér hef eg aldrei komið fyrr svo að eg muni."

"Ekki er mér það," segir Helgi. "Kenni eg víst hvar við erum komnir. Þetta er hofgarður Bessa fósra míns en hér eru brunnar fyrir ofan og höfum við þar komið að áðan á ísinn en nú hefur okkur hér að borið." Þar heitir að Bessabrunnum.

Grímur mælti: "Förum við í burtu héðan sem skjótast."

"Nei," sagði Helgi, "koma skal eg hér inn því að eg vil sjá hífýli þau er hér eru fyrir."

Hann gengur þá að hliðinu og rekur hjölt brandsins upp á lásinn og braut frá, ganga síðan að hofinu og brjóta upp. Þeir ganga inn í hofið.

Þá tekur Grímur til orða: "Illa gerir þú nú frændi er þú ferð hér með svo miklu harki og þú spillir hér hvervetna. Veit eg að Bessa fósra þínum muni stórilla líka ef hann verður var við."

Helgi svarar: "Vita vil eg hversu dólgar þessir séu viðtakna því að ei er víst að eg þurfi meir í annað sinn en nú. Munu þau þá eigi annað sinn góð ef þau gefast nú illa."

Þá gengur Helgi inn í hofið og sér að þar er ljóst svo að hvergi ber skugga á. Þar var allt altjaldað. Setið var þar á báða bekki. Þar glóaði allt í gulli og silfri. Þeir blígðu augum og buðu ekki þeim er komnir voru. Í öndvegi á hinn óæðra bekk sátu þeir í samsæti Freyr og Þór.

Helgi snarar fyrir þá og mælti svo: "Þar sitjið þið, herjans synirnir. Munu þeim þykja þið vera sæmilegir höfðingjar sem ykkur dýrkar. Nú ef þið viljið að við bræður trúum ykkur sem aðrir þá standið þið upp og sýnið risnu af ykkur og bjóðið okkur bræðrum því að nú er vont veður úti. Nú ef þið viljið því játa þá munum við bræður trúna yður sem aðrir menn. En ef þið skjótið drambi á og viljið ekki liðsinni veita okkur þá munum við ekki tal af ykkur halda."

Þeir skjóta drjúglæti á og þegja við. Þá snýr Helgi um þvert gólf. Þar sátu þær Frigg og Freyja. Hann mælti þessi hin sömu orð við þær sem áður. Kvaðst hann mundu veita þeim blíðu ef þær vildu veita betur honum.

Grímur mælti nú: "Gerðu svo vel að þú skipt ei lengur orðum við andskota þessa og förum nú í burt."

Helgi mælti: "Ei skal mér það verða sem flestum að eg renni þar á garðinn sem lægstur er."

Hann þrífur þá til þeirra Þórs og hnykkir þeim af stólinum og flettir af þeim klæðunum, lætur svo ganga koll af kalli að hann flettir öll goð af klæðum og gripum og steypir þeim af stöllum og á gólf fram. Hann ber þá allt fram í eina hyrning og byrgir svo að eigi mátti spillast.

Grímur mælti: "Þetta er ill bellivísni ef þeim er ekki eftirlæti í en þú munt sitja fyrir fjandskap Bessa fóstura okkars. Er þetta illverk orðið."

Helgi svarar: "En eg ætla að eg hafi aldrei unnið betra verk en þetta á minni ævi því að þau hafa villtan stig fyrir mér í dag því að eg hefi aldrei fyrr villur farið á ævi minni."

Helgi gengur út og lætur opið hofið. Stendur nú fok um allt húsið. Helgi snýr nú ofan að ánni og upp eftir nesinu uns þeir komu á Víðivöllu. Þá var af dagsetri. Þar var tekið við þeim með blíðu. Þeir eru þar nokkrar nætur. Þá léttir af veðrinu. Droplaug var löngum á tali við sonu sína. Vissu ekki aðrir menn til hvað erindum var. Síðan fara þeir heim er þeim þykir ...

(Hér þrýtur söguna.)